



ÁRSSKÝRSLA RANNÍS 2015

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORSTÖÐUMANNS	3
TÍMAÁS	5
STARFSEMI OG SKIPULAG	11
HELSTU ÁSKORANIR Í STARFSEMI RANNÍS	16
SJÓÐIR	18
UMSÓKNA- OG UPPLÝSINGAKERFI	25
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	26
MANNAUÐUR	29
ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL	31
REKSTUR	33
ÁRSREIKNINGUR RANNÍS 2015	35



ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS

Hallgrímur Jónasson, forstjóri Rannís, heldur erindi á afmælisþingi í nóvember

Árið 2015 var viðburðarríkt í starfi Rannís. Stofnunin hélt upp á 75 ára sögu starfsemi Rannsóknaráðs ríkisins sem sett var á stofn með lögum árið 1940. Hófst þá saga samskipta, vísinda, atvinnulífs og stjórn mála um framþróun vísinda og tæknipróunar hér á landi. Rannís og Vísinda- og tækniráð eru í dag beinir arftakar þessarar þróunar. Áhersla á náttúruauðlindir var mjög fyrirferðamikil framan af, en þróun mannauðs, skapandi greina og samkeppnishæfni atvinnulífs eru megin verkefni í dag.

Rannís flutti í nýtt húsnæði að Borgartúni 30 á árinu með alla sína starfsemi. Frá því verkefnum fjölgaði í ársbyrjun 2013 hefur stofnunin unnið að því að starfsemin verði flutt á einn stað. Á miðju ári 2015 voru allir starfsmenn komnir undir sama þak, en húsnæðið var innréttað með tilliti til þarfa stofnunarinnar. Við skipulag húsnæðisins var lögð áhersla á að mynda hópa sem vinna í opnu rými að sameiginlegum markmiðum. Starfsemin var komin í nokkuð endanlegt horf síðastliðið haust og er t.d. allt skjalasafn stofnunarinnar nú á einum stað. Áhersla er lögð á að hafa góða fundaraðstöðu fyrir viðskiptavinum, allar stjórnir og ráð sem koma að starfi stofnunarinnar, auk aðstöðu fyrir kynningarfundum sem stofnunin stendur fyrir. Með sameiningu á einum stað gefst betra tækifæri til að vinna markvissar að því að ná fram samlegðar áhrifum í starfsemi stofnunarinnar.

Rannís þjónar breiðum hópi viðskiptavina, á sviði vísinda og rannsókna, þróunar og nýsköpunar, mennta, menningar og lista auk æskulýðsstarfs.

Samskiptanetið er því mjög breitt; skólar, atvinnulíf, stofnanir, einstaklingar auk stjórnsýslunnar tilheyra markhópnum. Til að kynna starf sitt stendur stofnunin fyrir öflugu kynningarstarfi og ýmsum viðburðum, s.s. Rannsóknþingi og Nýsköpunarþingi þar sem veittar eru viðurkenningar. Í lok ársins var haldið upp á 10 ára afmæli tveggja evrópskra samstarfsáætlana (eTwinning og Europass) og veittar voru 10 gæðaviðurkenningar Erasmus+ til einstaklinga og menntastofnana. Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs voru veitt á afmælisþingi til tveggja framúrskarandi ungra vísindamanna.

Rannís annast þjónustu við alþjóðlegt vísinda-, mennta- og menningarstarf, en fyrirferðamestar eru áætlanir ESB á því sviði, Horizon 2020, Erasmus+ og Creative Europe. Mikil þátttaka íslenskra aðila í öllum þessum áætlunum er mikilvægt innlegg í alþjóðlegt samstarf á þessum sviðum. Erasmus+ áætlunin hefur þá sérstöðu að hún er dreifstýrð og koma því fjármunir til Íslands og ber starfsfólk Rannís ábyrgð á úthlutun þeirra. Horizon 2020 og Creative Europe áætlanirnar eru miðlægar og úthlutunin á sér stað í Brussel.

Rannís á í nánú samstarfi við Vísinda- og tækniráð. Stofnunin veitir faglega aðstoð við mótun og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu og þjónustu við nefndirnar við undirbúning stefnunnar. Stefnan 2013 til 2016 gerir ráð fyrir viðtæku hlutverki Rannís í stuðningskerfi vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk skapandi greina. Stefna Vísinda- og tækniráðs leggur áherslu á aukin þátt samkeppnisfjár við fjármögnun

rannsókna og nýsköpunar. Stærstu sjóðir í umsýslu Rannís, Tækniþróunarsjóður og Rannsóknasjóður, hafa meira en tvöfaldast að stærð á árunum 2015 og 2016. Líta má á það sem mikilvægt framlag til uppbyggingar þekkingarsamfélagsins hér á landi.

Ætla má að á árinu 2015 hafi Rannís komið að ráðstöfun á um 9 milljörðum króna, tekið á móti um 4.000 umsóknum, styrkt um 1.700 verkefni úr um 20 mismunandi sjóðum. Að auki heldur Rannís utan um 6 alþjóðlegar samstarfsáætlanir, sem fjármagna samstarfið auk þess að byggja upp og styrkja alþjóðlegt samstarf.


Til að halda utan um umfangsmikinn rekstur sjóða hefur stofnunin undanfarin ár byggt upp rafrænt umsóknarkerfi fyrir alla sjóði í umsýslu stofnunarinnar og þar með gagnagrunn. Hér er um að ræða lykilþátt í starfi stofnunarinnar og er unnið að því að öll þrep í úrvinnslu umsókna og afgreiðslu þeirra, framvindu- og ársskýrslur, samningar og fagráðskerfi verði hluti umsýslukerfisins. Upplýsingar um öll styrkt verkefni eru aðgengilegar á vef Rannís.

Vegna þess hve starfsemi Rannís er margþætt og umfangsmikil er mikilvægt að hún sé kynnt fyrir ólíkum hagsmunahópum og persónuleg ráðgjöf veitt á öllum þeim sviðum sem hún nær til. Í þessari skýrslu er tímaás sem gerir grein fyrir þeim fjölbreyttu verkefnum og áskorunum sem stofnunin stendur frammi fyrir. Fjölbreytnin er áskorun, en með góðu starfsfólki sem býr yfir þekkingu, reynslu,

og vilja til að láta gott af sér leiða, nær stofnunin að halda utan um alla verkefnaflokkana.

Árið 2015 reyndist Rannís ekki einungis viðburðar- og árangursríkt heldur jafnframt erfitt í rekstri. Gengisþróun hefur rýrt sértekjur og umtalsverður kostnaður fylgdi flutningum og því að koma stofnuninni fyrir í nýju húsnæði. Vonir eru bundnar við að starfsemin að Borgartúni 30 verði þýðingarmikill þáttur í þjónustu og stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.

Rannís lítur björtum augum til framtíðar og leggur metnað sinn í að sinna fjölbreyttum verkefnum sem efla þekkingarsamfélagið, til að skapa þá velferð sem nútímasamfélag byggir á.


Hallgrímur Jónasson
forstöðumaður



Viðburðir og viðurkenningar skipa stóran sess í starfsemi Rannís. Til styðja við kynningarstarf á menntun, rannsóknum og nýsköpun og gera áhrif þekkingarsköpunar sýnileg, stendur Rannís fyrir ýmsum viðburðum eins og Rannsóknþingi, Haustþingi og Nýsköpunarþingi.

Rannís á einnig þátt í að hvetja vísinda- og fræðafólk til frekari dáða með viðurkenningum á borð við Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs í samvinnu við ráðið og Nýsköpunarverðlaun í samvinnu við Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Hér má líta á brot af því helsta sem bar til tíðinda í starfsemi Rannís á árinu.

JANÚAR

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

5 Rannís tekur við sem Landstengiliður fyrir evrópska hæfnirammann (EQF-NCP)

Rannís tók við hlutverkinu af menntamálaráðuneytinu og hefur umsjón með samráði við hagsmunaaðila og þróun íslensks hæfniramma í menntun.

9 Úthlutun listamannalauna

Til úthlutunar voru 1.601 mánaðarlaun, sótt var um 10.014 mánuði. Alls bárust 769 umsóknir frá einstaklingum og hópum (1.296 einstaklingar) um starfslaun og ferðastyrki og var úthlutað til 267 einstaklinga og hópa.

13 Námskeið í gerð Erasmus+ umsókna

100 manns sóttu hádegisverðarnámskeið og 30 manns fylgdust með á vefnum.

14 Námskeið fyrir tengiliði um evrópskt einingakerfi í starfsmenntun

15 Rannís heldur fjölþjóðlega tengslaráðstefnu um vinnustaðanám í starfsmenntun í Erasmus+ 85 þátttakendur frá 22 löndum

15 Úttekt gæðaráðs á Listaháskóla Íslands birt

19 Tveggja daga Nordplus tengslaráðstefna fyrir Norrænu tungumálaáætlunina

23 Nýsköpun í opinberri þjónustu - hádegisfundur og afhending viðurkenninga

26 Erasmus+ og Creative Europe kynningarfundur á Ísafirði

28 Rannsóknasjóður tilkynnir um úthlutun rannsóknastyrkja

Úthlutað var 725 milljónum í nýja styrki auk framhaldsstyrkja. Hlutfall styrktra umsókna var tæp 30% sem var óvenju hátt að þessu sinni, sem skýrist af hækkun framlaga til sjóðsins.

FEBRÚAR

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28

3 Erasmus+ og Creative Europe kynningarfundur á Akureyri

6 Erasmus+ kynningarfundur á Selfossi og Höfn

16 Námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa um möguleika í námi og starfi erlendis



Benedikt Atli Jónsson, verðlaunahafi 2015

22 Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum
Benedikt Atli Jónsson, BS-nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands, hlaut

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir verkefnið „Sjálfvirkt gæðamat augnbotnamynda“.

23 Rannís stendur fyrir fundi samstarfsnefndar háskólanna, menntamálaráðuneytis og yfirmanns háskólamála hjá framkvæmdastjórn ESB

27 Ný handbók um nám og vinnu erlendis gefin út

✓ **Niðurstaða samninga Tækniþróunarsjóðs vegna nýrra styrkja er 324 m.kr. auk 32 m.kr. í erlend verkefni**
Niðurstaða samninga eftir að stjórn tilkynnti í desember hvaða verkefnum yrði boðið að ganga til samninga.

MARS

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

5 Vefnámskeið um samstarfsverkefni Erasmus+

6 Kynning á Innviðasjóði í Norræna húsinu

6 Fundur Vísinda- og tækniráðs

12 Rannís stýrir fjölþjóðlegu þjálfunarnámskeiði fyrir matsmenn náms- og þjálfunarverkefna í Erasmus+
Alls tóku 49 sérfræðingar frá 16 löndum þátt í námskeiðinu sem Rannís þróaði.

12 Kynning á Rannsóknasjóði á Hótel Sögu

24 Styrkjamöguleikar í Bandaríkjunum, námskeið á vegum alþjóðasviðs, bandarískur fyrirlesari, Robert Porter

24 Erasmus+ og Creative Europe kynningarfundur á Egilsstöðum

25 Rannís tekur þátt í opinberri heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra til Kína
Í þeirri heimsókn var undirrituð viljayfirlýsing um vísindasamstarf milli Rannís og Náttúruvísindastofnunar Kína.

27 Morgunverðarfundur Horizon 2020
Kynning á RISE hluta Marie Curie áætlunarinnar

27 Rannsóknasjóður boðar til opins stefnumótunarfundar í framhaldi af tveimur fundum með hagsmunaaðilum

28 Rannís skipuleggur þing um alþjóðavídd í háskólastarfi með Landssambandi íslenskra stúdenta (LÍS) sem haldið var á Laugarvatni

APRÍL

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30



Frá afhendingu Nýsköpunarverðlaunanna

9 Nýsköpunarþing og afhending Nýsköpunarverðlauna

Fyrirtækið Zymetech hlaut Nýsköpunarverðlaun sem afhent voru við hátíðlega athöfn á Nýsköpunarþingi.

15 Opunarhátíð EPALE - upplýsingagáttar um fullorðinsfræðslu

17 Nýsköpunarsjóður námsmanna tilkynnir úthlutun 75 m.kr.

19 Rannís stýrir fjölþjóðlegu þjálfunarnámskeiði fyrir matsmenn samstarfsverkefna í Erasmus+

Alls tóku 114 sérfræðingar frá 20 löndum þátt í námskeiðinu sem Rannís þróaði og haldið var í Stokkhólmi.

27 Rannís býður til Rannsóknþings

Umræðuefnið var þverfaglegar rannsóknir og aðalfyrirlesari var Dr. Peter Moll, vísindaráðgjafi og sérfræðingur í sjálfbærri þróun.

28 Rannís stendur fyrir námskeiði um fjármála- og verkefnisstjórnun í Horizon 2020 verkefnum í samstarfi við Barkley Associates

Alls tóku 40 aðilar þátt í námskeiðinu.

✓ Nýr sjóður, Máltækisjóður verður hluti af umsýslukerfi Rannís

✓ Gæðaráð íslenskra háskóla birtir skýrslu um stofnanaúttekt í HÍ

MAÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

7 China-Nordic Arctic cooperation Symposium, ráðstefna í Shanghai, Kína

7 Grunnskóli Bolungarvíkur fær eTwinning verðlaun frá Evrópusambandinu

7 Norrænn fundur Euroguidance miðstöðva haldinn á Íslandi



Kvikna á góðri stundu

7 Vaxtarsprotinn

Fyrirtækið Kvikna ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2015, viðurkenningu fyrir öflugna uppbyggingu sprotafyrirtækis árið á undan.

13 Árshátíð Rannís haldin á Sjóminjasafninu Víkinni

13 Tækniþróunarsjóður tilkynnir hvaða verkefnisstjórum er boðið að ganga til samninga um nýja styrki

Sjóðurinn auglýsti umsóknarfrest til 15. febrúar og unnu fagrað að mati umsókna og lögðu fyrir stjórn.

18 Norrænn fundur verkefnisstjóra háskólastigs innan Erasmus+ haldinn á Íslandi

27 Námskeið fyrir verkefnisstjóra Erasmus+ náms- og starfsþjálfunarverkefna

27 Póstþjónn og netdrif Rannís færð á nýja netþjóna og efnt til samkeppni á meðal starfsmanna um heiti nýju fundarherbergjanna

Undirbúningur vegna flutninga á starfsstöð.

28 Formleg opnun Epale vefsvæðis á Íslandi

JÚNÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

11 Málþing á vegum Norræns samstarfs um eflingu gæða á háskólastigi (e. Nordic Quality Assurance Network in Higher Education, NOQA) haldið í Keflavík í samstarfi við gæðaráð og Rannís Fulltrúar frá öllum norrænu systurstofnunum gæðaráðsins, fulltrúar háskóla og stúdenta í gæðamálum tóku þátt.



Rannís í Borgartúni 30

12 Rannís fær hluta framtíðarhúsnæðis í Borgartúni 30 afhent og starfsstöðin á Laugavegi flytur
Tilkynnt er um niðurstöður dómnefndar um heiti fundarherbergja.

19 Starfsfólk Rannís tekur þátt í skipulögðum hátíðarhöldum í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

29 Erasmus+ úthlutar 2,2 milljónum evra til samstarfsverkefna

JÚLÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

23 Rannís skipuleggur starfsheimsókn og tekur á móti Antoine Godbert forstöðumanni Erasmus+ í Frakklandi Godbert heimsótti Rannís, menntamálaráðuneytið og fyrirtæki.

✓ **Niðurstaða samninga Tækniþróunarsjóðs vegna nýrra styrkja er 470 m.kr. auk 60 m.kr. í erlend verkefni**
Niðurstaða samninga eftir að stjórn tilkynnti í maí hvaða verkefnum yrði boðið að ganga til samninga.

ÁGÚST

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

10 Rannís fær afhenta 1. hæð og fundarherbergi á 2. hæð. Starfsfólk flytur á endanlegar starfsstöðvar í Borgartúni 30

26 Rannís skipuleggur starfsheimsókn (job shadowing) fyrir starfsfólk menntamálaráðuneytis Slóveníu

28 Fagnaður fyrir starfsfólk vegna nýs húsnæðis



Afhending samninga á námskeiði fyrir verkefnisstjóra

31 Námskeið fyrir verkefnisstjóra nýrra Erasmus+ samstarfsverkefna

SEPTEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

- 3** Matreiðslumeistari hefur störf hjá Rannís og vinna við opnun mótuneytis hefst
- 9** Rannís gerist grænt og byrjar að flokka rusl
- 16** Gæðaráð íslenskra háskóla stendur fyrir ráðstefnu í Listaháskóla Íslands
- 25** Gæðaráðið birtir skýrslu um stofnanaúttekt á Bifröst




Hulda Karen og Þorbjörg taka við viðurkenningunni

- 26** Evrópumerkið í tungumálum (e. European language label) veitt fyrir fyrirmyndarverkefni í tungumálakennslu Hulda Karen Danielsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hlutu viðurkenningu fyrir verkefnið „Velkomin – Úrræði fyrir móttöku og samskipti“.

OKTÓBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

- 1** Vinnustund með tilheyrandi verkbókhalda tekin í notkun
- 1** Mötuneyti Rannís formlega opnað
- 17** Rannís heldur hliðarfund á Arctic Circle í samstarfi við IASC



Viktoría krónprinsessa ásamt eiginmanni, Daniel Westling

- 17** Rannís tekur þátt í norrænni tengslaráðstefnu um háskólasamstarf í Kólumbíu og Perú ásamt Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík
Norrænir þátttakendur voru rúmlega 40. Háskólar í báðum löndum voru heimsóttir. Í Perú fór krónprinsessa Svía, Viktoría, fyrir norrænu sendinefndinni.

- 19** Sendinefnd frá Kína heimsækir Norðurljósarannsóknmiðstöðina að Kárhól í Þingeyjarsýslu
- 21** Kynning á heilbrigðisáætlun Horizon 2020
32 þátttakendur
- 27** ITN námskeið - Horizon 2020 með Yellow Research
25 þátttakendur



Góður hópur samankominn í Haag

- 28** Tengslaráðstefna um lærdómsviðmið (e. learning outcomes) í háskólanámi Rannís fór fyrir 8 manna hópi háskólasérfræðinga á ráðstefnuna sem haldin var í Haag.
- 30** Rannís stýrir degi náms- og starfsráðgjafar: Færni til framtíðar

NÓVEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

2 Fyrsti samskiptastjórinn hefur störf hjá Rannís

3 Rannís tekur þátt í norrænni tengslaráðstefnu háskóla í Serbíu og Kosóvó

10 Ráðstefna um gæði í háskólum á Grand hótél

Lærdómur af fyrstu umferð rammaáætlunar um eflingu gæða í íslensku háskólasamfélagi (2011-2015) kynntur; samhliða hófst undirbúningsvinna fyrir aðra umferð rammaáætlunar (2016-2020).

18 Kynning á Horizon 2020 og Tækniþróunarsjóði á Akureyri

24 SME week - ráðstefna um frumkvöðla og fjármagn í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð, Samtök iðnaðarins og Íslandsstofu

25 Rannís heldur ReferNet ráðstefnu um Átak í starfsmenntun

Um 100 þátttakendur.

Kynning á orkuáætlun Horizon 2020



Hvatningarverðlaunarhafar á sögulegu afmælisþingi

26 Sögulegt afmælisþing og afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs

Afmælisþing Rannís var haldið við hátíðlega athöfn í lok nóvember í tilefni af því að 75 ár eru liðin frá því að Rannsóknaráð ríkisins var sett á stofn með lögum. Tveir ungir vísindamenn hlutu Hvatningarverðlaunin að þessu sinni, dr. Sesselja Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideld Háskóla Íslands og forstöðumaður gæðarannsóknna hjá Alvotech, og dr. Egill Skúlason, eðlisefnafræðingur og dósent við raunvísindadeild Háskóla Íslands. Forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, afhenti Sesselju og Agli verðlaunin.

DESEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

1 NordForsk societal security Opnað fyrir umsóknir í Society, Integrity and Cyber-security.

2 Kynning á umhverfisáætlun Horizon 2020



Forsvarsmenn Lundarskóla á Akureyri taka við gæðaviðurkenningu

10 Aðventuhátíð Erasmus+ þar sem veittar voru 10 gæðaviðurkenningar og haldið var upp á 10 ára afmæli eTwinning og Europass Gæðaviðurkenningar Erasmus+ menntaáætlunar Evrópusambandsins voru veittar við hátíðlega athöfn í Ásmundarsafni. Tíu verkefni, sem hafa verið styrkt af áætluninni, hlutu viðurkenningarnar sem voru í formi myndverka sem hönnuð voru af 15 nemendum á öðru ári í teiknideild Myndlistaskólans í Reykjavík.

11 Kynning á upplýsingatækniáætlun Horizon 2020

Morten Möller, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB kynnti áætlunina.

17 Kynning á styrkjaáætlun NordForsk um samfélagslegt öryggi (e. NordForsk societal security)

18 Jólagleði starfsmanna Rannís

Forsætisráðherra skipar Vísinda- og tækniráð til næstu þriggja ára.

Vísinda- og tækniráð starfar skv. lögum nr. 2/2003 og hefur m.a. það hlutverk að marka stefnu stjórnvalda á sviði vísinda- og tæknimála til þriggja ára í senn.

Tækniþróunarsjóður tilkynnir hvaða verkefnisstjórum er boðið að ganga til samninga um nýja styrki

Sjóðurinn auglýsti umsóknarfrest til 15. september og unnu fagrað að mati umsókna og lögðu fyrir stjórn. Samningaferli tekur allt að tvo mánuði.



STARFSEMI OG SKIPULAG

Það krefst samhents átaks að koma sér fyrir á nýjum stað

Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks þekkingarsamfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Það gerir Rannís með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum, auk þess að að greina og kynna áhrif rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar á þjóðarhag.

Rannís hefur umsjón með helstu samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntunar og menningar á Íslandi, auk samstarfsáætlana ESB og norrænna áætlana sem veita styrki til samstarfsverkefna, náms og þjálfunar. Rannís er


náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs og veitir faglega aðstoð við undirbúning og framkvæmd stefnu þess.

Rannís heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003.

FJÖGUR SVIÐ INNAN RANNÍS

Í lok árs 2015 skiptist starfsemi Rannís í þrjú fagsvið, rannsókn- og nýsköpunarsvið, alþjóðasvið og mennta- og menningarsvið. Rekstrarsvið gengur þvert á fagsvið.

SKIPURIT RANNÍS 2015



STARFSEMI OG SKIPULAG

REKSTRARSVIÐ

Hlutverk rekstrarsviðs er að sjá um fjármál, rekstur og bókhald, mannauðsmál, tölvumál, skjala- og gagnastjórnun, innri gæðamál ásamt samskipta- og kynningarmálum. Á árinu bættist við rekstur mótuneytis. Árleg rekstraráætlun byggir á verkþókhaldi og er hvert verk skoðað út frá gjöldum, tekjum og tíma sem á að verja í það á komandi ári. Auk mánaðarlegra uppgjöra eru gerð nákvæmari ársfjórðungsleg uppgjör.

Mannauðsmál heyra undir sviðið, allt frá nýráðningum til starfsloka, s.s. umsjón með launum, árlegum starfsmannasamtölum og fræðsluáætlunum. Jafnframt sinnir rekstrarsvið stefnumótun fyrir málaflokka sem heyra undir það.

Tölvumál sem tengjast almennum skrifstofurekstri Rannís heyra undir sviðið ásamt skjalastjórnun og innri gæðamálum.

Samskipta- og kynningamál er stór þáttur í starfsemi Rannís og kallar heimasíðan á stöðuga vinnu árið um kring.

Dreifing mannauðs á milli sviða

SVIÐ	Fj starfsm	Stg	KVK stg	KK stg
101 Rekstrarsvið	9	9,3	7	2,3
103 Mennta- og manningarsvið	20	18,5	12,55	5,7
104 Alþjóðasvið	5	4,25	1,8	2,45
105 Rannsókn- og nýsköpunarsvið	12	11,8	4,8	7
	46	43,85	26,4	17,45

Í árslok 2015 voru 46 starfsmenn hjá Rannís í 43,85 stöðugildum. Auk þess var 1 starfsmaður í leyfi vegna vistaskipta. 9 starfsmenn í fullu starfi unnu á rekstrarsviði að forstöðumanni meðtöldum. Að auki er einn starfsmaður sviðsins með 30% starfshlutfall á rekstrarsviði og 70% starfshlutfall á mennta- og menningarsviði. 20 starfsmenn eru á mennta- og menningarsviði í 18,5 stöðugildum, 5 starfsmenn á alþjóðasviði í 4,25 stöðugildum og 12 á rannsókn- og nýsköpunarsviði í 11,8 stöðugildum.

Á milli ára hefur starfsmönnum Rannís fjölgað um 4 og stöðugildum hefur fjölgað um 2,25.

RANNSÓKNA- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

Rannsókn- og nýsköpunarsvið hefur umsjón með rekstri tveggja stærstu samkeppnissjóða landsins, annars vegar Rannsóknasjóði fyrir rannsóknir og vísindi og hins vegar Tækniþróunarsjóði fyrir þróun og nýsköpun. Auk þessa hefur sviðið umsjón með Innviðasjóði, Markáætlun, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Máltækni- og námsmanna, ásamt nokkrum minni sjóðum. Starfsmenn sviðsins þjónusta stjórnir og

fagræð sjóðanna, annast framkvæmd og skipulag á matsferli, samningsgerð, eftirfylgni verkefna, samskipti við umsækjendur/styrkþega og kynningar á sjóðunum. Þá staðfestir sviðið rannsóknar- og þróunarverkefni nýsköpunarfyrirtækja vegna skattfrádráttar í tengslum við rannsóknar- og þróunarkostnað.

Sviðið hefur umsjón með gæðaráði íslenskra háskóla en í því felst að annast reglubundnar úttektir óháðra sérfræðinga á starfsemi háskóla og einstakra eininga þeirra. Jafnframt að efla gæðamenningu innan háskóla með ráðstefnum, námskeiðum og útgáfustarfsemi í samráði við hagsmunaaðila.

Á hugbúnaðarsviði starfa forritarar sem hafa það meginhlutverk að byggja upp umsóknakerfi sem er grunnurinn að gagnasöfnun og úrvinnslu Rannís á umsóknargögnum og til framtíðar heildarumsýslu- og upplýsingakerfi Rannís. Ofan á grunninn hefur verið próað umsýslukerfi fyrir sjóðsstjóra, bókhald og fagræðskerfi fyrir matsmenn og stjórnir sjóða. Þessi kerfi eru í stöðugri þróun. Gagnagrunnar mæta nýjum kröfum um aðgengi upplýsinga í samræmi við opna og gegnsæja stjórnsýslu. Markmiðið er að þessi kerfi þjóni öllum sjóðum og áætlunum sem Rannís hefur umsjón með og vísinda- og nýsköpunarsamfélaginu í heild.

Starfsmenn rannsókn- og nýsköpunarsviðs taka virkan þátt í öðrum verkefnum stofnunarinnar sem tengjast sérfræðisviðum hvers um sig. Þar skiptir þátttaka í umsýslu við rannsóknáætlun ESB miklu máli. Tengsl á milli innlendra samkeppnissjóða og alþjóðasviðs eru mikilvæg þar sem oft er um að ræða sömu hagsmunaaðila.

ALÞJÓÐASVIÐ

Alþjóðasvið hefur umsjón með Horizon 2020, rannsókn- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins fyrir hönd Íslands, og er það eitt stærsta einstaka verkefni sviðsins. Í því felst seta í stjórnarnefndum og umsjón með starfi stjórnar-/ nefndarfulltrúa og landstengiliða áætlunarinnar. Starfsmenn sviðsins eru í sjö landstengilverkefnum sem ganga út á að efla samstarf evrópskra landstengiliða. Rannís skipuleggur auk þess kynningu á áætluninni og stendur fyrir fundum og námskeiðum sem miða að því að auka og auðvelda þátttöku íslensks vísindasamfélags í evrópsku samstarfi. Einnig hefur alþjóðasvið umsjón með tengdum áætlunum, sem miða að því að styðja við alþjóðlegt samstarf íslensks vísindasamfélags, svo sem COST og Jules Verne. Þá heldur alþjóðasvið utan um íslenska þátttöku í svokölluðum ERA - netum sem miða að því að koma á samstarfi rannsóknasjóða aðildarlandanna.

STARFSEMI OG SKIPULAG

Helstu markmið sviðsins eru að stuðla að aukinni nýliðun í erlendum samstarfsverkefnum, auka sókn í einstakar undirátætlanir Horizon 2020 og bæta þá þjónustu sem fyrir er.

MENNTA- OG MENNINGARSVIÐ

Mennta- og menningarsvið annast umsýslu með fjórum alþjóðlegum áætlunum og ellefu innlendum samkeppnisjóðum sem veita styrki til íslensks mennta- og menningarsamfélags, auk þess að sinna upplýsingaþjónustu og stuðningi við stefnumótun í mennta- og menningarmálum.

Alþjóðlegt samstarf er umfangsmest í starfsemi sviðsins sem rekur landskrifstofur fyrir Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins, Nordplus menntaáætlun Norðurlanda og Creative Europe, menningar- og kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins, auk Arctic Studies sem er tvíhliða samstarf Íslands og Noregs. Í tengslum við Erasmus+ áætlunina rekur sviðið nokkur sérverkefni sem fela m.a. í sér stuðning við rafrænt skólasamstarf, veggátt fyrir fagfólk í fullorðinsfræðslu, þjónustumiðstöð fyrir náms- og starfsráðgjafa og umsjón með evrópskum skjölum sem ætlað er að auðvelda samhæfingu prófskírteina og viðurkenninga innan Evrópu. Þá vinnur sviðið í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis að stuðningi við stefnumótun, m.a. sem landstengiliður vegna evrópska hæfnirammans og veitir stuðning við sérfræðingateymi um umbætur á háskólastigi.

Loks rekur sviðið Upplýsingastofu um nám erlendis og sér um veggátt með upplýsingum fyrir erlenda aðila sem hafa áhuga á að stunda nám hérlendis.

Á innlendum vettvangi sér mennta- og menningar-svið um þjónustu við ellefu innlenda sjóði á sviði menntunar, menningar og æskulýðs- og íþróttamála.

INNLENDIR SJÓÐIR

- Listamannalaun (launasjóður hönnuða, myndlistarmanna, rithöfunda, sviðslistafólks, tónlistarflytjenda og tónskálda)
- Styrkir til atvinnuleikhópa
- Tónlistarsjóður
- Barnamenningarsjóður
- Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla
- Styrkir til íslenskukennslu fyrir útlendinga
- Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara
- Próunarsjóður námsgagna
- Vinnustaðanámssjóður
- Íþróttasjóður
- Æskulýðssjóður



Rekstur Landskrifstofu Erasmus+, mennta- æskulýðs- og íþróttáætlunar Evrópusambandsins er umfangsmesta verkefni mennta- og menningarsviðs. Rannís stýrir mennta- og íþróttahluta áætlunarinnar og hafði ríflega 750 m.kr. til úthlutunar á árinu í tveimur flokkum:

- 1 Nám og þjálfun styður nemendur í starfsmenntun og háskóla til skipti- eða starfsnáms erlendis og kennara og starfsfólk á öllum skólastigum til starfsþjálfunar eða kennslu.
- 2 Samstarfsverkefni gefa hins vegar menntastofnunum, fræðsluaðilum og fyrirtækjum sem sinna fræðslu og þjálfun á öllum skólastigum tækifæri til að vinna að nýsköpunar- eða þróunarverkefnum í samstarfi við erlenda aðila í 24 til 36 mánuði.


Árið 2015 markaði endalok fyrstu umferðar rammaáætlunar um eflingu gæða í íslensku háskólasamfélagi (2011 til 2015).

Ráðgjafanefnd gæðaráðs valdi Andréa Sursock, sérfræðing hjá Evrópusamtökum háskóla, til að gera úttekt á framkvæmd rammaáætlunarinnar. Einnig var ráðgjafarfyrtækið Clever Data fengið til að framkvæma könnun á afstöðu íslensks háskólasamfélags til starfa gæðaráðsins. Lærdómur af fyrstu umferð rammaáætlunarinnar var kynntur á málþingi í nóvember, og skýrsla Clever Data birt á vef Rannís. Samhliða þessu hófst undirbúningsvinna fyrir aðra umferð rammaáætlunar um eflingu gæða í íslensku háskólasamfélagi (2016-2020). Sem hluti af því ferli voru haldnir samráðsfundir með ráðuneyti, samstarfsnefnd háskólastigsins, fulltrúum stúdenta og ráðgjafanefnd gæðaráðs.

Norrænu EPALÉ landskrifstofurnar unnu saman að því á árinu að sett yrði upp norræn síða innan veggáttarinnar.

Árangur verkefnisins á þessu fyrsta starfsári var einstaklega góður, markhópurinn þekkir veggáttina, töluverður fjöldi fagfólks í fullorðinsfræðslu hefur skráð sig sem notendur og einnig hafa fullorðinsfræðsluaðilar leitað að samstarfsaðilum og námskeiðum eða ráðstefnum á EPALÉ með góðum árangri.

Rannís í rauntölum 2015



Helstu samkeppnissjóðir og sérverkefni sem Rannís hefur umsjón með - í stafrófsröð

Arctic Research and Studies – Norðurslóðafræði

Langtímasamstarf íslenskra og norskra stofnana og sóknar- og ferðastyrkir vegna undirbúningsvinnu við gerð umsókna í samkeppnissjóði.

Barnamenningarsjóður

Styrkir til verkefna á sviði barnamenningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna.

Creative Europe – menningar- og kvikmyndaáætlun ESB

Veitir styrki til þróunar á leiknum kvikmyndum og sjónvarpsefni, skapandi heimildamyndum, teiknimyndum og tölvuleikjum. Einnig til dreifingar og sölu á kvikmyndum og margmiðlunarefni, kvikmyndahátíða og þjálfunar fagfólks ásamt stuðningi við tengslanet listamanna landa á milli. Veitir styrki til að skipuleggja fagþjálfun eða tengslanet fyrir evrópska listamenn, fjármagna bókmenntaþýðingar og koma listamönnum og verkum þeirra á framfæri á nýjum mörkuðum og fyrir nýjum áhorfendum í gegnum tengslamyndun og samstarf.

COST

COST verkefni veita styrki til að sækja ráðstefnur og fundi og er markmiðið að byggja upp samstarfsnet á ákveðnum fræðasviðum.

Enterprise Europe Network

Aðstoð við litil og meðalstór fyrirtæki, rannsóknaraðila, opinberar stofnanir og háskóla við að efla samkeppnishæfni sína á alþjóðamarkaði.

Erasmus+ Menntaáætlun ESB

Veitir ferða- og upphaldsstyrki fyrir nemendur á framhalds- og háskólastigi í skiptinám og starfsþjálfun og til kennara á öllum skólastigum til gestakennslu eða starfsþjálfunar. Styrkir samstarfsverkefni á öllum skólastigum milli minnst þriggja þátttökulanda til allt að þriggja ára. Styður við stefnumótun og samráð stjórnvalda milli ríkja og við ólíka hagsmunahópa um þróun menntunar í Evrópu.

Sérverkefni Erasmus+:

ECVET sérfræðingateymi á Íslandi

Styður við notkun á evrópsku einingakerfi fyrir starfsmenntun sem auðveldar gagnkvæma viðurkenningu starfsnáms.

EPALE – vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu

Upplýsingamiðlun, samstarfs- og samráðsvettvangur fyrir þá sem eru virkir í fullorðinsfræðslu.

eTwinning – rafrænt skólasamstarf

Einföld samstarfsverkefni fyrir kennara og nemendur; þátttaka í evrópsku skólasamfélagi á netinu; símenntun (frí netnámskeið og vinnustofur).

Euroguidance – Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar

Miðlun upplýsinga til náms- og starfsrágjafa um tækifæri í Evrópu til að stuðla að sameiginlegum náms- og vinnumarkaði í álfunni. Uppbygging á sameiginlegum gagnagrunnum um námstækifæri og gagnkvæma viðurkenningu náms.

Europass skjalfesting náms og þjálfunar

Býður upp á rafræna ferilsskrá á 26 tungumálum sem ríflega 2.000 Íslendingar nýta sér árlega auk ýmissa skirteina sem eru samhæfð fyrir Evrópu til að auðvelda gegnsæi menntunar og starfsreynslu.

EQF-NCP – landstengiliður fyrir evrópska hæfnirammann

Styður vinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis við innleiðingu á íslenskum hæfniramma fyrir allt formlegt nám og tengingu hans við evrópska hæfnirammann.

Higher Education Reform – sérfræðingateymi á Íslandi

Styður við umbætur og nútímavæðingu háskóla í Evrópu í tengslum við Bologna ferlið.

ReferNet – Evrópumíðstöð fyrir þróun starfsmenntunar

Samstarfsnet um söfnun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun í Evrópu. Verkefnið færðist yfir til Menntamálastofnunar í ársbyrjun 2016.

Evrópumerkið / European Language Label

Viðurkenning fyrir nýbreytniverkefni á sviði tungumálanáms og kennslu.

Euraxess

Euraxess starfatorgjöð veitir upplýsingar um laus störf í rannsóknnum.

HERA - Humanities in the European Research Area

HERA er samstarfsvettvangur milli rannsóknaráða 24 landa og framkvæmdastjórnar ESB með það að markmiði að styrkja hugvísindi og rannsóknir í hugvísindum á Evrópska rannsóknarsvæðinu og innan Horizon 2020, rammaáætlunar ESB um rannsóknir og nýsköpun.

Horizon 2020 – Rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB

Markmið Horizon 2020 er að styðja við rannsóknir og nýsköpun á öllum sviðum vísinda og fræða með það að markmiði að auka samkeppnishæfni Evrópu. Áætlunin skiptist í fimm meginstöðir sem skiptast í undirátlanir eftir viðfangsefnum og fræðasviðum:

Öndvegisrannsóknir (e. Excellent Science)

- Styrkir Evrópska rannsóknaráðsins (ERC)
- Stuðningar við framtíðartækni
- Marie Skłodowska Curie
- Stuðningur við rannsóknarinnviði í Evrópu

Forysta í atvinnulífi (e. Industrial Leadership)

- Forysta í tækniþróun
- Upplýsingatækni
- Örtækni, efnistækni, framleiðslutækni og líftækni
- Geimvísindi
- Nýsköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækum
- Aðgangur að áhættufjármagni

Samfélagsáskoranir (e. Societal Challenges)

- Heilbrigði og lýðheilsa
- Fæðuöryggi, landbúnaður og sjávarrannsóknir
- Orka
- Samgöngur
- Umhverfi, loftslagsmál og auðlindir
- Evrópskt samfélag í breyttum heimi
- Öryggi og samfélag

Viðtækari þátttaka (e. Spreading Excellence and Widening Participation) Visindi í þágu samfélagsins (e. Science with and for Society)

Að auki fjármagnar Horizon 2020 Evrópsku nýsköpunar- og tæknistofnunina (EIT) og Sameiginlegu rannsóknamiðstöðina (Joint Research Centre - JRC)

Innviðasjóður

Veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknnum.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Veittir eru styrkir til fræðsluáðila og fyrirtækja sem bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi.

Íþróttasjóður

Styrkir eru ætlaðir íþrótt- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana. Einnig til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu.

Jules Verne

Samstarf milli Íslands og Frakklands á sviði vísinda- og tæknirannsókna

Listamannalaun

Laun og ferðastyrkir til listamanna til að efla listsköpun í landinu.

Máltæknisjóður

Styrkir til að vinna að tækniþróunar- og innviðaverkefnum á sviði íslenskrar máltækni, og styrkir til doktorsnema á því sviði.

Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla

Tilgangur námsorlofs er að veita þeim sem um það sækja tækifæri til að efla þekkingu sína og kennarahæfni.

Nordplus – menntaáætlun Norðurlanda

Styrkir til samstarfsneta og ferða kennara, stjórnenda og nemenda milli Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna á öllum skólastigum. Styrkir samstarfs- og þróunarverkefni grunn- og framhaldsskóla og verkefni tengd norrænum tungumálum.

Norface

Tilgangur Norface er að stuðla að samstarfi í rannsóknnum í félagsvísindum innan Evrópu, m.a. með því að bjóða upp á rannsóknastyrki til ákveðinna viðfangsefna.

NOS-HS Samstarf í hug- og félagsvísindum

NOS-HS er samstarfsvettvangur í hug- og félagsvísindum á vegum fjármögnunaraðila rannsókna í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Styrkir til háskóla og rannsóknarstofnana til að ráða stúdenta í grunn- og meistaranámi til sumarvinnu við rannsóknarverkefni.

Rannsóknasjóður

Rannsóknasjóður er opin samkeppnisjóður sem veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna.

- Fagråd raunvísinda og stærðfræði
- Fagråd verkfræði og tæknivísinda
- Fagråd náttúru- og umhverfivísinda
- Fagråd lífvísinda
- Fagråd klínískra rannsókna og lýðheilsu
- Fagråd félags- og menntavísinda
- Fagråd hugvísinda og lista

Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrórar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar

Styrkir til að efla rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskrar bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara - SEF

Styrkir til endurmenntunar framhaldsskólakennara.

Skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna

Markmiðið er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

Sóknarstyrkir

Styrkir til undirbúnings umsókna í alþjóðlega rannsóknasjóði, vegna umsóknarskrifa og ráðgjafarþjónustu eða vegna undirbúnings verkefna undir íslenskrum verkefnastjórn.

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Hægt er að sækja um styrki til að vinna að ritun fræðirita og -greina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi.

Styrkir til atvinnuleikhópa

Styrkir til einstakra verkefna eða starfssamningar til lengri tíma.

Tónlistarsjóður

Styrkir til almennrar tónlistarstarfsemi sem og kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarfólki.

Tungumálamiðstöðin í Graz

Stofnun á vegum Evrópuráðsins sem styður við nám og kennslu í tungumálum, t.d. með námskeiðum og vinnustofum

Tækniþróunarsjóður

Styrkir til þróunarstarfs og rannsókna á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í atvinnulífinu.

- Verkefnisstyrkir
- Frumherjastyrkir
- Markaðastyrkir

Uppbyggingasjóður EES

Menntunar-, samskipta-, og rannsóknastyrki tengdir mörgum efnisflokkum.

Upplýsingamiðstöð um nám erlendis

Veitir Íslendingum upplýsingar um tækifæri til náms erlendis, hefur yfirlit yfir styrkjamöguleika og kynnrir á Íslandi. Rekur einnig upplýsingaveitu á ensku í samráði við íslensku háskólana fyrir aðila sem vilja koma til Íslands í nám.

Vinnustaðanámsjóður

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Þróunarsjóður námsgagna

Nýsköpun, þróun, gerð og útgáfa námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla

Æskulýðssjóður

Styrkir til verkefna, á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka, unnin fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.



HELSTU ÁSKORANIR Í STARFSEMI RANNÍS HVAÐ SEGJA SVIÐSSTJÓRAR?

Hallgrímur Jónasson forstöðumaður ásamt sviðsstjórunum Herdís Pórgrímsdóttur, Sigurði Björnssyni, Ágústi Hirti Ingþórssyni og Elísabetu M. Andrésdóttur

Herdís Pórgrímsdóttir, sviðsstjóri rekstrarsviðs

Eitt megin verkefni rekstrarsviðs á árinu var flutningur Rannís í framtíðarhúsnæði í Borgartúni 30. Starfstöðin er á 1.- 3. hæð í austurenda hússins, alls 1.381,3 fm fyrir utan sameign. Rannís hafði heimild mennta- og menningarmálaráðuneytis til að verja svokölluðum Húsakaupasjóð fyrir flutning stofnunarinnar ásamt kaupum á tilheyrandi búnaði sem þurfti fyrir starfseminna.

Rannís flutti af Laugavegi 13 föstudaginn 12. júní en starfsfólk mennta- og menningarsviðs flutti úr Tæknigarði í Borgartún 30 um miðjan desember 2014. Húsnæðið var ekki að fullu tilbúið. Iðnaðarmenn voru að vinna í húsnæðinu um sumarið og fram á haust. Starfsfólk sýndi bæði skilning og þolinmæði gagnvart hávaða og umstangi á vinnustaðnum meðan á framkvæmdum stóð.

Á árinu var fyrsta heila árið þar sem starfsfólk rekstrarsviðs Rannís annaðist bókhald, greiðslu- og bankaþjónustu fyrir stofnunina og þá sjóði og áætlanir sem stofnunin hefur umsjón með. Þessi verkefni fluttust frá Skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA) þann 1. október 2014.

Rannís tók við Navision bókhaldskerfi SRA en launin höfðu verið færð í Orra og var það mánaðarlega yfir í Navision. Launaafgreiðsla Rannís var hjá SRA en fluttist yfir til Fjársýslunnar. Rannís tók upp Vinnustund með tilheyrandi verkþókhaldi þann 1. október 2015 en það hafði áður verið fært í öðrum kerfum. Bókhald Rannís byggir einnig á verkþókhaldi sem er stofnuninni nauðsynlegt til að halda utan um

öll þau fjölbreyttu samstarfsverkefni sem Rannís er aðili að.

Á árinu voru gerðar breytingar á bókhaldi Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs. Tækniþróunarsjóður var fluttur yfir í Orrann að beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (ANR). Bókhaldi Rannsóknasjóðs var breytt á þann hátt að skuldbinding sjóðsins er færð um leið og hún myndast en áður hafði bókhald sjóðsins verið fært á greiðslugrunni yfir bókhaldstímabilið en í ársuppgjöri var það fært yfir á rekstrargrunn. Bókhald Rannsóknasjóðs er fært í Navision og sýnir rétta skuldbindingu við ríkissjóð hverju sinni.

Jafnframt var bókhaldi Erasmus+ breytt til samræmis við kröfur Evrópusambandsins (ESB) og það fært yfir í nýtt bókhaldskerfi að beiðni endurskoðanda. Vinnan við breytingar á Erasmus+ hófust haustið 2015 og var þeim að megininu til lokið í árslok.

Vinnan við bókhald, greiðslu- og bankaþjónustu Rannís og tilheyrandi sjóði og áætlanir hefur reynst umfangsmikil. Þrjú stöðugildi eru tengd bókhaldi Rannís.


Sigurður Björnsson, sviðsstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði

Tveir stærstu samkeppnissjóðir landsins stækkuðu um nánast helming að umfangi í kjölfar samþykktar aðgerðaráætlunar Vísinda- og tækniráðs frá því í maí 2014 og voru aukin framlög staðfest á Alþingi sama ár. Eru framlög til þessara tveggja megin sjóða vísinda- og nýsköpunarsamfélagsins tæpir þrjú milljarðar á árinu.

HELSTU ÁSKORANIR Í STARFSEMI RANNÍS – HVAÐ SEGJA SVIÐSSTJÓRAR?


Rannsóknasjóður

Framlög í m.kr. á verðlagi hvers árs og uppreiknað miðað við 2015



Tækniþróunarsjóður

Framlög í m.kr. á verðlagi hvers árs og uppreiknað miðað við 2015



Stjórn Rannsóknasjóðs ákvað að bæta við styrktarflokkum fyrir doktorsnema auk þess að samþykkt var að greiða samrekstur 25% á allar umsóknir. Þessar ákvarðanir eru í samræmi við aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs, sbr. stefnu ráðsins 2014 til 2016. Enn fremur var fagræðum fjölgað úr fimm í sjö til að tryggja enn betri dreifingu verkefna milli fagsviða. Þessar breytingar voru auglýstar í umsóknarferli á árinu en koma til framkvæmda við úthlutun 2016.

Tækniþróunarsjóður lagði grunn að nýrri stefnumótun, sem var samþykkt í lok árs. Þar er mörkuð stefna um öflugri, en snarpari styrki og nýja styrki til að yta undir þekkingaryfirferlu úr háskólum og rannsóknastofnunum yfir í íslenskt atvinnulíf. Sem fyrsta skref í innleiðingu á nýrri stefnumótun var boðið upp á einkaleyfisstyrki í byrjun ársins og er umsóknarfrestur fyrir styrkjaflokkinn opinn allt árið. Frekari innleiðingu nýrra styrkjaflokka Tækniþróunarsjóðs má vænta á árinu 2016 en nánari útfærslu má finna á vefsíðu sjóðsins, www.tths.is.

Samfara stefnumótuninni, og í samræmi við aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs, hefur sjóðurinn stutt við köll í alþjóðlegum samstarfsverkefnum, má þar nefna COFASP, ERA Marine biotechnology og ERA Geothermal sem eru evrópsk verkefni, og einnig í norrænum verkefnum á vegum Nordic innovation. Stuðningur við Eurostars 2 var samþykktur. Enn fremur var 25% reglan um samrekstur innleidd.

Sjóðurinn lét vinna áhrifamat árið 2010 fyrir tímabilið 2004 til 2008, eða fyrir fyrstu fimm ár sjóðsins. Á næsta ári verður framkvæmt mat á áhrifum sjóðsins fyrir verkefni styrkt árin 2009 til 2013 og hófst undirbúningur að því á árinu. Matið verður framkvæmt af óháðum aðilum og verður leitað til erlendra sérfræðinga. Stefnt er að útgáfu áhrifamatsskýrslu (e. assessment report) í árslok 2016.

Nýr sjóður, Máltækniþróunarsjóður, var settur á laggirnar og var úthlutað úr honum í fyrsta sinn. Aðrir sjóðir voru starfræktir með svipuðu sniði og umfangi og áður.

Elísabet M. Andrésdóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs

Á árinu ákváðu stjórnir Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs að leggja til allt að 20 milljónir króna til að styrkja undirbúning alþjóðlegs vísinda- og þróunarsamstarfs með íslenskri þátttöku. Forgangur var veittur umsóknum vegna undirbúnings umsókna í Horizon 2020 rannsóknaráætlun ESB, en mögulegt er að styrkja annað samstarf samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Megin verkefni ársins hafa verið að kynna rannsóknaráætlun Evrópusambandsins Horizon 2020 með það að markmiði að efla sókn Íslands í áætlunina. Áhersla var lögð á að skipuleggja námskeið og kynningarfundir, auk þess að veita ráðgjöf varðandi umsóknarskrif og annan undirbúning sem tengist umsóknarferlinu. Styrkir sem íslensk fyrirtæki, stofnanir og eintaklingar hafa hlotið í gegnum Horizon 2020 áætlunina á árabílinu 2014 til 2015 nema nú tæpum 28 milljónum evra eða um 4 milljörðum króna.

Landstengiliðastarf Rannís vegna Uppbyggingarsjóðs EFTA var umfangsmikið á árinu en helstu verkefni voru upplýsingagjöf til umsækjenda og aðstoð við samstarfsleitir. Önnur verkefni voru þátttaka í samstarfsnefndum í einstökum þáttökulöndum, aðstoð við að undirbúa umsóknarfresti og önnur almenn aðstoð við sjóðsstjórnir landanna. Að auki hófst undirbúningur að nýrri áætlun sem utanríkisráðuneytið leiðir og hefur Rannís komið að þeirri undirbúningsvinnu með virkum hætti.

Ágúst Hjörtur Ingbórsson, sviðsstjóri mennta- og menningarsviðs

Árið 2015 var þriðja rekstrarárið frá því mennta- og menningarsvið var sett upp og hefur það tímabil einkennst af miklum breytingum og aðlögun að nýrri stofnun, nýjum verkefnum og áætlunum og loks nýju húsnæði fyrir starfseminna. Á síðari hluta ársins var kominn stöðugleiki í starfseminna og heilt yfir gekk vel að fylgja eftir þeim markmiðum sem sett voru fyrir starfið á árinu.

Mikill fjöldi umsókna í hlutfalli við fjárhagslegt umfang setur svip sinn á starfseminna og gerir kröfur um mikla skilvirkni í rekstri samhliða vandaðri stjórnsýslu. Unnið var úr nærri 2.500 umsóknum sem bárust í meira en 20 umsóknarfrestum í sjóði og áætlunir og úthlutað var um 2.2 milljörðum króna. Að sama skapi voru styrkþegar margir og hlutu yfir 500 listamenn starfslaun, yfir 500 namar fengu stuðning í vinnustaðanam og á annað þúsund nemendur og starfsmenn við íslenska skóla á öllum skólastigum fóru í nám, þjálfun eða samstarfsverkefni erlendis. Í fyrsta sinn voru veittir styrkir til dvalar utan Evrópu og má því segja að á árinu hafi verið stigið fyrsta skrefið í að víkka út alþjóðlegt menntasamstarf sem Rannís styður við.



SJÓÐIR

Kvikmyndin Hrútar hlaut MEDIA styrk til dreifingar erlendis

Yfirlitsmynd yfir umfang sjóða sem Rannís hefur umsjón með

SJÓÐIR OG ÁÆTLANIR Í UMSÝSLU RANNÍÐ	Fjárveiting í m.kr.	Sótt um í m.kr.	Úthlutað í m.kr.	Árangurs- hlutfall í upphæðum	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra umsókna	Árangurs- hlutfall umsókna
Rannsóknasjóður - nýjar umsóknir	1.545	2.366	724	31%	226	67	30%
Rannsóknasjóður - framhaldsumsóknir		918	918	100%		117	
Tækniþróunarsjóður nýjar umsóknir	1.373	3.129	1.059	34%	291	97	33%
Tækniþróunarsjóður - framhaldsumsóknir		618	550	89%		53	
Skattfrádráttur rannsóknar- og þróunarverkefna	1.280	**	1.280	**	306	268	*
Erasmus+	803	1.583	745	46%	99	59	60%
Listamannaun***	544	3.995	564	14%	769	267	35%
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla	266	**	266	**	135	38	28%
Vinnustaðanámssjóður	150	172	146	85%	278	274	*
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	138	172	116	68%	39	36	*
Innviðasjóður	106	587	105	18%	67	8	12%
Styrkir til atvinnuleikhópa	93	560	89	16%	94	18	19%
Nordplus Sprog	91	197	98	50%	36	21	58%
Nýsköpunarsjóður námsmanna	75	360	75	21%	357	72	20%
Þróunarsjóður námsgagna	56	270	48	18%	124	35	28%
Tónlistarsjóður	55	281	54	19%	349	94	27%
Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna	43	231	34	15%	87	22	25%
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara	41	33	29	88%	68	62	*
Arctic Research and Studies - Norðurslóðafræði	24	54	22	40%	19	10	53%
Íþróttasjóður	16	166	16	9%	184	68	37%
Máltækniþróunarsjóður	15	45	14	32%	4	1	25%
Æskulýðssjóður	11	74	8	11%	108	30	28%
Jules Verne	4	**	4	**	18	6	33%
Barnamenningsarsjóður	4	94	3	4%	75	7	9%
Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar	4	13	4	28%	13	7	54%
Samtals	6.735	15.918	6.972		3.746	1.737	
Áætlanir sem úthluta beint til íslenskra aðila							
Horizon 2020 (meðaltal 2014 og 2015)		**	2.034	**	147	27	18%
Creative Europe		**	198	**	42	17	40%
Samtals			2.231		189	44	
Heildarumfang sjóða og áætlana sem Rannís þjónustar			9.203		3.935	1.781	

* Árangurshlutfall umsókna á ekki við þar sem aðeins fyrirfram skilgreindir aðilar geta sótt um og fá úthlutað uppyfli þeir öll skilyrði

** Upphæð sem sótt er um er ekki þekkt og því ekki hægt að reikna árangurshlutfall í upphæðum

*** Þar sem umsýsla vegna starfslauna listamanna og styrkja til atvinnuleikhópa fer að langmestu leyti fram á seinni hluta ársins á undan því ári sem er úthlutað er miðað við fjárlög 2016 í þessum sjóðum

RANNSÓKNASJÓÐUR

Framlag ríkisins til Rannsóknasjóðs árið 2015 var 1.545 m.kr. Sótt var um 2.400 m.kr. til nýrra verkefna en 720 m.kr. veittar í nýja styrki eða 31% umbeðinnar upphæðar.

Alls bárust 226 gildar umsóknir í sjóðinn og voru 67 þeirra styrktar, eða 30% umsókna. Meðalupphæð umsókna fyrir styrkarið 2015 var 10,4 m.kr. en meðalupphæð styrkja 10,8 m.kr.

Sókn og styrkveitingar í mismunandi fagráð voru sem hér segir:

Rannsóknasjóður - miðað við fjölda umsókna

FAGRÁÐ	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	50	13	26%
Náttúru- og umhverfisvísindi	51	17	33%
Heilbrigðis- og lífvísindi	55	17	31%
Félagsvísindi og lýðheilsa	40	12	30%
Hugvísindi	30	8	27%
Samtals	226	67	30%

Rannsóknasjóður - miðað við upphæðir í m.kr.

FAGRÁÐ	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	560	158	28%
Náttúru- og umhverfisvísindi	567	201	35%
Heilbrigðis- og lífvísindi	641	210	33%
Félagsvísindi og lýðheilsa	373	92	25%
Hugvísindi	212	63	30%
Samtals	2.353	724	31%

TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

Á árinu bauð Tækniþróunarsjóður upp á fjóra styrkjaflokka, einkaleyfis-, frumherja-, verkefnis- og markaðsstyrki. Sjóðurinn hafði 1.372,5 m.kr. til umráða, sem var hækkun um 385 m.kr. frá árinu á undan. Í töflu eru upplýsingar um fjölda umsókna og styrkja. Umsóknum fjölgaði um 13% á milli 2014 og 2015. Sé úthlutunarhlutfallið miðað við umsamdar fjárhæðir, vegna þeirra umsókna sem samþykkt var að ganga til samninga um, þá var úthlutunarhlutfallið einnig um 33%. Í heildina var úthlutað 1.059 m.kr. til nýrra verkefna og 550 m.kr. til

framhaldsverkefna eða samtals 1.609 m.kr. Þar sem síðari úthlutun ársins var undir lok desember þá bókast skuldbindingar vegna haustúthlutunar að hluta til á árinu 2016.

Sókn og styrkveitingar nýrra verkefna voru sem hér segir:

Tækniþróunarsjóður – miðað við fjölda umsókna

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Einkaleyfisstyrkir	9	6	67%
Frumherjastyrkir	48	15	31%
Verkefnisstyrkir	174	50	29%
Markaðsstyrkir	60	26	43%
Samtals	291	26	33%

Tækniþróunarsjóður – miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Einkaleyfisstyrkir	3	2	33%
Frumherjastyrkir	319	102	32%
Verkefnisstyrkir	2.224	704	32%
Markaðsstyrkir	583	251	43%
Samtals	3.129	1.059	34%

Frekari tölfræði um úthlutanir má finna á vef Rannís.

SKATTFRÁDRÁTTUR

Á árinu bárust 152 umsóknir um skattfrádrátt vegna nýrra rannsókna- og þróunarverkefna og 161 vegna framhaldsverkefna, en staðfest voru 115 ný verkefni og 153 framhaldsverkefni. Árið 2015 var heildarendurgreiðsla skattfrádráttar 1.190 m.kr. vegna verkefna unnin á árinu 2014, en var 1.241 m.kr. árið áður. Heildarendurgreiðslan skiptist þannig að 1.017 m.kr. voru greiddar út og 173 m.kr. gengu upp í tekjuskatt fyrirtækja.

Skattfrádráttur vegna rannsókna- og þróunarverkefna - miðað við upphæðir í m.kr.

	2011	2012	2013	2014	2015
Frádráttur frá tekjuskatti	45	71	148	164	173
Endurgreiðsla	614	877	981	1.077	1.017
Skattfrádráttur alls	659	948	1.129	1.241	1.190

ERASMUS+

Landskrifstofa Erasmus+ úthlutaði rúmlega 4,9 milljónum evra á árinu, eða 723 m.kr., til 59 verkefna. Að auki gerði Landskrifstofan samninga við 13 skóla sem taka þátt í verkefnum sem stýrt er í öðrum löndum. Samtals voru 72 samningar gerðir.

Gera má ráð fyrir að á milli rúmlega 1.200 Íslendingar og 152 menntastofnanir og fyrirtæki sem sinna menntun hafi notið góðs af þátttöku á árinu, sem er töluverð aukning frá 2014. Til viðbótar taka fjölmargar íslenskar stofnanir þátt í fjölda verkefna sem styrkt eru í öðrum þáttökulöndum áætlanarinnar.



Með auknu fjármagni hækkðu styrkir Rannsóknasjóðs og 25% samrekstur er viðurkenndur. Kemur til úthlutunar styrkja 2016.

Yfir 80% styrkja Tækniþróunarsjóðs renna til fyrirtækja. Skiptist að öðru leyti nokkurn veginn jafnt milli einstaklinga, rannsóknastofnana og háskóla.

Árangurshlutfall umsókna var hátt sem skýrist m.a. af því að allir íslensku háskólarnir taka þátt í nemenda- og starfsmannaskiptum og fá allir úthlutun. Samkeppnin er um hversu mikið fjármagn þeir fá. Á árinu var í fyrsta skipti úthlutað sérstökum styrkjum til samstarfs við lönd utan Evrópu.

Erasmus+ menntaáætlun ESB - miðað við fjölda umsókna

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Skólahluti	49	25*	51%
Starfsnámsluti	17	11	65%
Háskólahluti	18	15	83%
Fullorðinsfræðsla	15	8	53%
Samtals	99	59	60%

* Að auki 13 verkefni sem stýrt var af öðrum löndum

Erasmus+ menntaáætlun ESB – miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Skólahluti	286	128	45%
Starfsnámsluti	317	181	57%
Háskólahluti	760	334	44%
Fullorðinsfræðsla	226	79	35%
Samtals	1.589	723	46%

LISTAMANNALAUN

Fjárveiting til starfslauna listamanna er um 564 m.kr. Úthlutað er einu sinni á ári, en auglýst er að hausti vegna starfslauna sem greidd eru af fjárlögum næsta árs á eftir. Umsóknarfrestur var 30. september en frestur var framlengdur um sólarhring vegna tæknilegra örðugleika. Störfum úthlutunarnefndanna sex lauk í desember 2015, en þær héldu um 40 vinnufundi. Svör voru send út 7. janúar 2016.

Við úthlutun var miðað við mánaðarlaun framhaldsskólakennara. Sótt var um 11.381 mánuði eða 3.995 m.kr. Eftirspurn var því sjöföld umfram það sem til ráðstöfunar var og er það næst mesta umfram eftirspurn allra sjóða sem Rannís hefur umsjón með. Alls bárust 946 umsóknir frá einstaklingum og hópum (fyrir alls 1.583 einstaklinga) um starfslaun og ferðastyrki og var úthlutað til 291 einstaklings og hópa.

Skipting umsókna milli sjóða var eftirfarandi:

Listamannalaun - miðað við fjölda einstaklinga

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Launasjóður tónskálda	135	43	32%
Launasjóður tónlistarflytjenda	207	64	31%
Launasjóður rithöfunda	215	76	35%
Launasjóður myndlistarmanna	273	84	31%
Launasjóður hönnuða	61	21	34%
Launasjóður sviðslista hópar / einstaklingar	692	92	13%
Samtals	1.583	380	24%

Listamannalaun - miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Launasjóður tónskálda	514	67	13%
Launasjóður tónlistarflytjenda	400	63	16%
Launasjóður rithöfunda	984	197	20%
Launasjóður myndlistarmanna	1.308	153	12%
Launasjóður hönnuða	163	18	11%
Launasjóður sviðslista hópar / einstaklingar	626	67	11%
Samtals	3.995	564	14%

NÁMSORLOF KENNARA OG STJÓRNENDA FRAMHALDSSKÓLA

Alls bárust 133 umsóknir um Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla frá einstaklingum og skólum fyrir 135 kennara, skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafa. 123 framhaldsskólakennarar sóttu um orlof í eigin nafni og 10 umsóknir bárust frá skólum fyrir hönd kennara, en nefndin hefur 7 stöðugildi til slíkrar úthlutunar. Tveir skólameistarar sóttu um námsorlof. Nefndin úthlutaði 36,5 stöðugildum; 28,5 til kennara með einstaklingsumsóknir, 7 til kennara með skólaumsóknir og 1 til skólameistara.

VINNUSTAÐANÁMSSJÓÐUR

Fjárveiting til Vinnustaðanámssjóðs var 150 m.kr. á fjárlögum 2015. Rannís hélt áfram samstarfi við lðuna og Rafiðnarsambandið um tiltekna þætti í framkvæmd þessara styrkveitinga. Ákveðið var að hafa umsóknarfresti í sjóðinn fjóra eins og árið á undan og að styrkuppheðin yrði 12.000 kr. á viku. Vegna mikillar aðsóknar í sjóðinn þurfti hins vegar að lækka styrkuppheðina í þriðju úthlutun ársins niður í 5.000 kr. á viku og var fjórða úthlutun felld niður. Á fyrri hluta ársins bárust umsóknir um styrki samtals fyrir 10.317 vikur vegna 595 nema og var úthlutað styrkjum vegna 8.618 vikna. Á seinna tímabili ársins bárust umsóknir um styrki samtals fyrir 9.661 viku vegna 498 nema og var úthlutað styrkjum vegna 8.597 vikna. Styrkuppheðin var 12.000 kr. á viku á fyrri hluta ársins og 5.000 kr. á viku á seinni hluta árs og heildarúthlutun því 146,4 m.kr.

STYRKIR TIL ÍSLENSKUKENNSLU FYRIR ÚTLENDINGA

Veittir voru styrkir til íslenskukennslu fyrir útlandinga tvisvar á árinu; var fyrri umsóknarfrestur í janúar en sá seinni í júlí. Í janúar bárust 26 umsóknir og var sótt um rúmar 102 m.kr. og hlutu 23 þeirra styrk, samtals að upphæð 64 m.kr. Í júlí bárust 17 umsóknir upp á samtals rúmar 77 m.kr. og var úthlutað til þeirra allra, samtals rúmum 52 m.kr. Samtals héldu viðurkenndar fræðslustofnanir um 370 námskeið á árinu fyrir um 4.200 nemendur með aðstoð þessara styrkja.

INNVIÐASJÓÐUR

Á árinu bárust alls 67 gildar umsóknir í Innviðasjóð og voru 8 þeirra styrktar eða um 12% umsókna. Sótt var um tæplega 590 m.kr. en rúmlega 105 m.kr. veittar eða um 18% umbeðinnar upphæðar.

STYRKIR TIL ATVINNULEIKHÓPA

Hefð er fyrir því að úthlutun til atvinnuleikhópa haldist í hendur við úthlutun listamannalauna og var því umsóknarfrestur um styrki til atvinnuleikhópa á sama degi, 30. september. Félag íslenskra leikara tilnefndi sömu þrjá einstaklinga í leiklistarráð og í úthlutunarnefnd starfslaunasjóðs sviðslistafólks. Fjárveiting til sjóðsins hækkar um 14 m.kr. frá árinu 2015, var um 92 m.kr. á fjárlögum 2016. Alls bárust 90 umsóknir frá 82 hópum. Úthlutað var 78,5 m.kr. til 18 verkefna auk 10 m.kr. til tveggja ára samstarfssamnings frá fyrra ári við Gaflaraleikhúsið.

NORDPLUS

Alls bárust 36 umsóknir í tungumálahluta norrænu menntaáætlunarinnar Nordplus sem Rannís hefur umsjón með. Hlutu 22 verkefni styrk samtals að upphæð um tæplega 98 m.kr. Íslendingar höfðu yfirumsjón með sex þeirra. Í öllum samanlögðum undiráætlunum Nordplus, leiddu 34 íslenskar stofnanir verkefni og um 278 stofnanir eru þátttakendur í verkefnum leidd af öðrum, sem er mjög kraftmikil þátttaka í litlu landi. Margar stofnanir taka þátt í fleiri en einni umsókn, svo stofnanirnar eru í raun færri, en eftir sem áður má fullyrða að íslensk þátttaka í áætluninni sé mjög góð.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

Framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna var 79,5 m.kr., þar af 49,5 m.kr. frá ríki (mennta- og menningarmálaráðuneyti) og 30 m.kr. frá Reykjavíkurborg. Á árinu bárust sjóðnum 357 umsóknir fyrir um 542 háskólanema. Alls var sótt um rúmlega 360 m.kr. eða laun í 1.548 mannmánuði. Að þessu sinni hafði sjóðurinn um 75 m.kr. til úthlutunar og hlutu alls 72 verkefni styrk. Í styrktum verkefnum eru 111 nemendur skráðir í alls 322 mannmánuði.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Fjöldi umsókna	357	72	20%
í m.kr.	361	75	21%
Fjöldi nemenda	542	111	20%
Mannmánuðir	1.548	322	21%

PRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Ákveðið var að hækka auglýstan hámarksstyrk til Próunarsjóðs námsgagna úr 1,5 m.kr. í 1,75 m.kr. Eins og árið á undan sóttu flestir um hámarksstyrk. Sjóðnum bárust 189 umsóknir og samanlagðar fjárbeiðnir námu tæplega 270 m.kr. Meðalupphæð styrkbeiðna var um 1,4 m.kr. Styrkir voru veittir til 37 verkefna, til ráðstöfunar voru um 48 m.kr. og var því meðalstyrkur tæpar 1,3 m.kr.

TÓNLISTARSJÓÐUR

Alls bárust 349 umsóknir í Tónlistarsjóð að heildarupphæð 281 m.kr. Sjóðurinn hafði 54,9 m.kr. til umráða, 10 m.kr. hækkun frá 2014. Hægt var að styrkja 94 verkefni, þar að auki eru 7 verkefni með samning frá fyrri árum.



4 milljarða króna styrkir hafa fallið Íslendingum í skaut úr rannsókn- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins frá 2014.

Peir aðilar sem hafa fengið styrk úr Horizon 2020 eru meðal annarra:

- HS-orka • Íslenskar orkurannsóknir • Landsvirkjun • Georg
- Háskóli Íslands • Matís • Markamar • JGT Tech • Cri ehf
- Háskólinn í Reykjavík • Háskólinn á Akureyri
- Veðurstofa Íslands • Landspítalinn • Lipid Pharmaceuticals
- Íslensk Nýorka • Mentis Cura • Þjónustu- og þekkingar- miðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda eintaklinga
- Oxymap • Marel • Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Icelandic Seafood International • Hampiðjan • Nox Medical
- Polar togbúnaður

STARFSLAUNASJÓÐUR SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMANNA

Alls bárust 87 gildar umsóknir í Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna. Sótt var um tæplega 227 m.kr. vegna launa og 4,6 m.kr. í ferðastyrki. Úthlutað var samtals tæplega 34,4 m.kr. þar af 715 þ.kr. í ferðastyrki, eða tæplega 15% umbeðinnar upphæðar til 22 verkefna.

SAMSTARFSNEFND UM ENDURMENNTUN FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Á árinu var boðið upp á tvær tegundir umsókna í Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara, annars vegar sumarnámskeið og hins vegar gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki. Sótt var um 22 sumarnámskeið og voru 20 þeirra styrkt en tvö voru felld niður. Sótt var um fyrir 563 kennara og sóttu alls 489 kennarar sumarnámskeiðin. Öll námskeiðin voru haldin á Íslandi þetta árið, 15 hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og fjögur hjá öðrum stofnunum. Heildarupphæð styrkja til sumarnámskeiða var tæplega 18 m.kr. á árinu. Einn umsóknarfrestur var vegna gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja í stað tveggja áður. 42 umsóknir bárust fyrir samtals 62 einstaklinga; 15 gestafyrirlesara og 47 ráðstefnuþátttakendur. Heildarupphæð umsókna var 10 m.kr. Hlutu 39 þátttakendur ráðstefnustyrk og allir 15 umsækjendur gestafyrirlesarastyrk, samtals að upphæð 8,65 m.kr. Stjórn SEF tók upp á þeirri nýbreytni að verja samtals 10 m.kr. á árinu til að styrkja vettvangsnám í stærðfræði sem og til þróunar á einingabæru námi kennara við háskóla.

ARCTIC RESEARCH AND STUDIES - NORÐURSLÓÐAFRÆÐI

Á árinu bárust 19 umsóknir og var úthlutað 10 styrkjum, 6 í langtímasamstarf og 4 sóknarstyrkir, að upphæð um 21,5 m.kr. eða 148.150 evrur. Gert er ráð fyrir að árleg úthlutun verði um 150.000 evrur.

ÍPRÓTTASJÓÐUR

Á fjárlögum 2015 voru um 16 m.kr. til ráðstöfunar í Íþróttasjóði. Auk þess gat sjóðurinn úthlutað fjármunum vegna eldri styrkja sem höfðu ekki verið nýttir. Einn umsóknarfrestur var og bárust 132 umsóknir og um 149 m.kr. í styrki. Að tillögu íþróttanefndar ákvað ráðherra að úthluta styrkjum til 73 verkefna að upphæð 15,5 m.kr. Þar af fengu 51 verkefni styrk til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana, 16 fræðslu- og útbreiðsluverkefni fengu styrk og 6 verkefni vegna rannsókna í íþróttufræðum. Meðalstyrkur var þannig rúmlega 212.000 kr. sem er það lægsta í þeim sjóðum sem Rannís þjónustar.

MÁLTÆKNISJÓÐUR

Alls bárust 4 gildar umsóknir í Máltæknisjóð. Eitt verkefni var valið og hlaut það 14,4 m.kr. í styrk.

ÆSKULÝÐSSJÓÐUR

Fjárveiting til Æskulýðssjóðs var um 11 m.kr. á fjárlögum ársins. Þrátt fyrir litla fjárveitingu er sjóðurinn með umsóknarfrest fjórum sinnum á ári, í febrúar, apríl, september og nóvember. Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að fækka umsóknarfrestum niður í þrjá á árinu 2016 og stefnt er að því að umsóknarfrestirnir verði tveir á árinu 2017. Vel gekk að fá umsóknir og sinna umsýslu á árinu 2015 eins og undanfarin ár. Bárust 108 umsóknir sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári. Sótt var um samtals 74,5,4 m.kr. og hlutu 30 verkefni styrki, samtals að upphæð um 7,8 m.kr. Meðalstyrkur var því um 260.000 kr. á verkefni sem er með því lægsta í þeim sjóðum sem Rannís þjónustar.

JULES VERNE

Á árinu bárust 18 umsóknir í Jules Verne; 17 voru fullgildar og af þeim fengu 6 umsóknir styrk. Samtals var úthlutað 4 m.kr.

BARNAMENNINGARSJÓÐUR

Fjárveiting til Barnamenningarsjóðs var 3,9 m.kr. á fjárlögum ársins. Sjóðnum bárust 75 umsóknir að heildarupphæð 94 m.kr. sem er ríflega tuttugufalt ráðstöfunarfé. Einungis var hægt að styrkja 7 verkefni alls að upphæð 3,5 m.kr. Í fjárlögum 2016 var 14,1 m.kr. hækkan á framlagi til nýs liðar „Barnamenningar“ sem áður hét Barnamenningarsjóður. Fyrirhugað er að hætta rekstri sjóðsins en veita í staðinn styrki í samræmi við aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna. Aðgerðaáætlunin byggir á menningarstefnu sem Alþingi samþykkti með þingsályktun 6. mars 2013.

RANNSÓKNARSJÓÐUR SIGRÚNAR ÁSTRÓRAR SIGURÐARDÓTTUR OG HARALDS SIGURÐSSONAR


Alls bárust 14 umsóknir um styrki til Rannsóknarsjóðs Sigrúnar Ástrórar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Sótt var um tæplega 13 m.kr. Úthlutað var 3,5 m.kr. til sex verkefna, eða um 27,5% umbeðinnar upphæðar.




Árið 2015 var þróað einfalt og sjálfvirkt kerfi á heimasíðu www.europass.is til að notendur starfsmennta-vegabréfs gætu sótt númer vegabréfa sjálfvirkt. Það hefur gefist vel og verður endurbætt enn frekar á árinu 2016. Europass á Íslandi tók þátt í myndbandasamkeppni á Evrópuvísu. Keppninni var ætlað að vekja athygli ungs fólks á Europass skjölunum.

Rannís tók við starfi landstengiliðar um evrópska hæfnirammann um menntun (EQF) í upphafi árs. Markmið EQF er að auka gagnsæi evrópskra menntakerfa og stuðla að auknum hreyfanleika starfsfólks milli Evrópulanda. Landstengiliður EQF er hluti af stóru samstarfsneti. Í starfi Landstengiliðar felst að vinna áfram að þróun íslenska hæfnirammans um menntun og tengja við evrópska hæfnirammann, stuðla að samtali við alla hagsmunaaðila um endanlega gerð íslenska hæfnirammans, stuðla að kynningu á honum, tilgangi hans og þróun til helstu hagsmunaaðila, fylgjast með þróun mála í öðrum Evrópulöndum og vera í samskiptum við aðra landstengiliði í Evrópu.

FJÖLDI UMSÓKNA OG SAMÞYKKTRA UMSÓKNA



ÁRANGURSHLUTFALL UMSÓKNA



SJÓÐIR OG ÁÆTLANIR: UMSÓKNARHÓPAR	Fyrirtæki	Stofnanir / skólar	Formleg félög og samtök	Óformlegir hópar	Einstaklingar
Rannsóknasjóður	✓	✓	✓		✓
Tækniþróunarsjóður	✓	✓	✓		✓
Erasmus+	✓	✓	✓		
Listamannalaun				✓	✓
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla		✓			✓
Innviðasjóður	✓	✓			
Nordplus Sprog	✓	✓	✓		
Styrkir til atvinnuleikhópa			✓	✓	
Nýsköpunarsjóður námsmanna	✓	✓			✓
Þróunarsjóður námsgagna	✓	✓	✓		✓
Tónlistarsjóður	✓	✓	✓	✓	✓
Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna					✓
Arctic Research and Studies - Norðurslóðafræði		✓			
Íþróttasjóður		✓	✓	✓	✓
Máltæknisjóður	✓	✓			✓
Æskulýðssjóður			✓	✓	✓
Jules Verne		✓			
Barnamenningsjóður	✓	✓		✓	✓
Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar					✓
Skattfrádráttur rannsóknar- og þróunarverkefna	✓				
Vinnustaðanámssjóður	✓	✓			
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	✓	✓	✓		
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara - SEF		✓	✓		
Creative Europe	✓	✓	✓		
Horizon 2020	✓	✓	✓		
Samtals	15	19	13	6	13



UMSÓKNA- OG UPPLÝSINGAKERFI


Sævar Helgi Bragason og Katrín Lilja Sigurðardóttir flytja erindi á afmælisþingi Rannís

Umsókna- og upplýsingakerfi Rannís gegnir tvíþættu hlutverki, annars vegar að taka á móti umsóknum og öðrum rafrænum gögnum sem tengjast framgangi umsókna, og hins vegar að veita upplýsingar til stjórnvalda og almennings um styrki og starfsemi sjóða í vörslu Rannís eftir því sem við á. Á mynd má sjá hvernig uppbygging kerfisins er hugsuð til framtíðar.

Notendur kerfisins skipta þúsundum. Utan frá, gegnum rafræna gátt stjórnsýslunnar island.is, koma allir umsækjendur ásamt stjórnnum og fagráðum sjóða. Aðgangi er stýrt að þeim verkefnum sem við á. Innan kerfisins vinna starfsmenn Rannís, en aðgangur að megin gagnagrunni er læstur öðrum en þeim sem vinna við umsjón og þróun kerfisins. Almennigur hefur aðgang að tölfraðilegum upplýsingum um úthlutanir og starfsemi sjóða gegnum vefgátt Rannís.

Megin hluti kerfisins í dag tengist umsóknum í sjóði en aðrir þættir þess eru ekki full búnir og er þar einkum átt við rafrænar framvindu- og áfangaskýrslur, fagráðshlutann og sjálfan upplýsingagrunninn (tengist úrvinnslu og birtingu gagna o.fl.). Upplýsingagrunnurinn er í raun samsafn marga grunna sem mynda SQL-gagnagrunninn sem er hýstur hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands.

Næstu skref í áframhaldandi þróun kerfisins er að uppfæra útlit og virkni eyðublaða og smíði fagráðskerfis þar sem fagráðsmenn geta unnið matið rafrænt að fullu. Stefnt er að því að innleiða rafrænar framvinduskýrslur og samninga að fullu á árunum 2016 og 2017. CRIS upplýsingagrunnur um rannsóknir verður innleiddur á næstu árum og munu upplýsingar um umsækjendur flæða á milli.





ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Eitt af myndverkunum sem prýddu gæðaviðurkenningar Erasmus+ á árinu. Höfundar þess eru Guðbrandur Magnússon og Guðný Hannesdóttir, nemendur á öðru ári í teikniheild Myndlistaskólans í Reykjavík 2015.

Alþjóðlegt samstarf er umfangsmikið í starfsemi Rannís og mjög mikilvægur þáttur í daglegu starfi á öllum sviðum stofnunarinnar. Evrópskt og norrænt samstarf er stærstur hluti af þessu alþjóðlega samstarfi, en er þó ekki einskorðað við það. Sem dæmi hefur Rannís undirritað viljayfirlýsingu við tvær bandarískar stofnanir, National Science Foundation og US Geological Survey, og systurstofnun í Kína, auk þess sem Rannís tekur þátt í starfi International Arctic Science Committee, sem 23 lönd eiga sæti í. Samstarf innan Norðurlandanna á starfssviði Rannís á sér langa sögu og tekur stofnunin þátt í nefndum á vegum ráðherraráðsins auk þess að eiga gott samstarf við NordForsk og Nordic Innovation. Rannís fjármagnar nokkur samstarfsverkefni á vegum NordForsk, sem hafa reynst vísindasamfélaginu hér á landi vel. Rannís sér um styrkveitingar úr tvíhliða samstarfi milli Íslands og Noregs sem fjármagnað er af utanríkisráðuneytum ríkjanna og er ætlað að styðja við samstarf þjóðanna í rannsóknum á norðurljóðum. Auk þess tekur íslenskt menntakerfi virkan þátt í norrænu menntaáætluninni Nordplus þar sem Rannís ber ábyrgð á tungumálahlutanum.

Undanfarin ár hafa samskipti við Kína aukist. Á síðasta ári var skrifað undir samning við National Natural Science Foundation of China. Rannís hefur auk þess átt gott samstarf við Heimskautarannsóknastofnun Kína (e. Polar Research Institute of China), sem tvíhliða samstarf m.a um undirbúning að Norðurljóðsarannsóknastöð að Kárhól í Reykjadal, auk þess að hafa átt frumkvæði að samstarfi norrænu heimskauta- stofnunarinnar við þá kínversku. Nefnist samstarfið China-Nordic Arctic Research Centre.



Umfang alþjóðlegs samstarfs í starfsemi stofnunarinnar endurspeglar mikilvægi þess að eiga í góðu samstarfi og samvinnu við hliðstæða aðila erlendis auk þess sem þekking, tækniyfirlýsla og aðgangur að stórum markaði er afgerandi þáttur í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Stærstu áætlanirnar í umsjón Rannís sem leiða af veru Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu eru:

- **Horizon 2020** – Rannsóknáætlun Evrópusambandsins
- **Erasmus+** - Menntaáætlun Evrópusambandsins
- **Creative Europe** – menningar- og kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins
- **Uppbyggingarsjóður EFTA** – menntun og rannsóknir

Horizon 2020 og Erasmus+ eru stærstu samkeppnisáætlanir sem íslenskir aðilar hafa beinan aðgang að. Aðgangur að fjármagni í alþjóðlega samkeppni er mikilvægur þáttur á innlenda


ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

aðila og þar hefur árangur Íslands verið mjög góður. Styrkveitingar til íslenskra aðila eru þó alls ekki mikilvægasti mælikvarðinn, heldur aðgangur að fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun, mannauði og menningartengslum. Þannig nemur fjárfesting Evrópusambandsins í verkefnum styrktum af Horizon 2020, sem íslenskir aðilar hafa tekið beinan þátt í árin 2014 og 2015, ríflega 40 milljörðum króna á meðan styrkir til íslenskra aðila nema um 4 milljörðum. Aðgangur að nýrri þekkingu, tækniþróun og nýsköpun er þannig mögulega tífalt verðmætari en sem nemur beinum styrkjum til íslenskra aðila.



Þátttakendur í norrænni tengslaráðstefnu um háskólasamstarf í Kólumbíu og Perú

Í menntun og menningu er sömu sögu að segja, allir íslenskir háskólar fá árlega styrki úr Erasmus+ áætluninni, auk margra framhalds- og grunnskóla og fullorðinsfræðsluaðila. Áhrifin eru mun meiri en unnt er að mæla með þeim 750 m.kr. sem úthlutað er til íslenskra aðila eða með því að benda á að yfir 1.200 einstaklingar njóta árlega styrkja. Samstarfið er gagnkvæmt og fólk, þekking og nýsköpun skilar sé inn í íslenskt menntakerfi eftir mörgum leiðum. Þannig hafa gagnkvæm skipti á nemendum og kennurum skipt mjög miklu máli við alþjóðavæðingu háskólanna og hafa stutt við aukið erlent rannsóknasamstarf þeirra og sambirtingar með evrópskum vísindamönnum. Áhugi erlendra nemenda, kennara og annarra starfsmanna evrópskra háskóla er mjög mikill. Til marks um það má nefna að Erasmus áætlunin styrkir um helmingi fleiri háskólanema sem koma til Íslands en fara frá Íslandi, eins og meðfylgjandi mynd ber með sér.



Íslenskir háskólar eru í samstarfi við háskóla út um allan heim og árið 2015 veitti Rannís fyrstu Erasmus+ styrkina til íslenskra háskóla til nemenda og kennaraskipta við lönd utan Evrópu. Vonir eru bundnar við að slíkur stuðningur geti á næstu árum stutt skólana við að efla og breikka enn frekar alþjóðlegt samstarf sitt.

Creative Europe hefur verið mjög mikilvæg fyrir framleiðslu og dreifingu á íslensku kvikmyndaefni og bókmenntum. Kvikmyndaíðnaðurinn er alþjóðlegur og öll stærri verkefni krefjast alþjóðlegrar fjármögnunar og dreifingar. Þar hafa styrkir, stórir sem smáir, skipt máli til að verkefni verði að veruleika og fái dreifingu. Það gildir líka á sviði bókmennta og þannig fengu evrópskir útgefendur stuðning á árinu til að gefa út ekki færri en sjö bækur. Heildaráhrifin af þátttöku í áætluninni eru þannig mun meiri en styrkupp hæðir til íslenskra aðila einar og sér gefa til kynna.



Tvö verkefni með íslenski þátttöku fengu styrk frá menningarhluta Creative Europe á árinu. Íslensku aðilarnir, Söguslóðir á Íslandi og Lókal leiklistaráttíð, fengu samanlagt styrk að upphæð rúmlega 54 m.kr.




Íslenskum fyrirtækjum gekk einstaklega vel í styrkúthlutunum Creative Europe á árinu. 40 íslenskar umsóknir bárust í MEDIA og 17 þeirra fengu samtals um 150 m.kr. úthlutað. Hæsta styrkinn fékk Sögn ehf (Blueeys Productions) fyrir framleiðslu á sjónvarpsþáttaröðinni Ófærð, að upphæð 70 m.kr. Á árinu fengu kvikmyndirnar Fúsi og Hrútar langstærstu styrki sem íslenskar kvikmyndir hafa fengið til dreifingar erlendis frá því að Íslendingar hófu þátttöku í MEDIA áætlun ESB árið 1992, samtals um 115 m.kr.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Uppbyggingasjóður EFTA sem Ísland greiðir til vegna EES samningsins hefur það hlutverk að styrkja samfélagslega innviði þeirra 15 ESB ríkja sem lakast standa í efnahagslegu tilliti. En sjóðurinn styrkir líka samstarf þessara ESB ríkja við EFTA löndin sem leggja til fjármagn í sjóðinn. Á árinu voru Íslendingar samkvæmt gögnum sjóðsins þátttakendur í 275 verkefnum. Allir háskólar auk nokkurra stofnana á háskólastigi eru þar á meðal og næstum þriðjungur íslenskra framhaldsskóla taka þátt í einu eða fleirum verkefnum sem sjóðurinn styrkir. Heildarfjöldi í nemenda- og mannskíptum liggur ekki fyrir, en ef lítið er til fjölda verkefna má gera ráð fyrir að þátttakan sé umtalsverð og styðji mjög við breiðara alþjóðlegt samstarf bæði háskóla og í ríkara mæli framhaldsskóla.

Alþjóðlegt samstarf hefur einnig beina tengingu við innlenda sjóði, þar sem innlend samkeppnisfjármögnun getur leitt af sér öflugt alþjóðlegt samstarf. Hér fyrir neðan er yfirlitsmynd yfir verkefni á jarðhitasviðinu sem dæmi um samspil sjóða. Á árunum 2009 til 2015 var veittur stuðningur við jarðvarmaverkefni úr Markáætlun samtals að upphæð um 400 m.kr., og stuðningur við ERA net í jarðvarma (e. ERA Geothermal) sem leiðir að lokum til öflugrar fjármögnunar úr Horizon 2020 sem á fjórum árum mun nema nærri 2.000 m.kr. Þó að myndin leggi áherslu greiðsluflæði þá felast megin verðmætin í þeirri þekkingu sem fæst úr rannsókn- og þróunarverkefnum og nýtist hér heima og til sölu á þjónustu íslenskra fyrirtækja á erlendan markað.

Orkutengd verkefni



ERA-net

ERA-net eru samstarf evrópskra rannsóknasjóða sem styrkja rannsóknir og þróun á ýmsum sviðum og tekur Rannís þátt í nokkrum slíkum samstarfsnetum. Samstarf íslenskra rannsóknasjóða í ERA-netum gerir íslenskum fyrirtækjum og stofnunum kleift að taka þátt í fjölþjóðlegum rannsóknaverkefnum á völdum sviðum. Hvert ERA-net hefur eigin áherslusvið, þáttökureglur og umsóknarfresti. Á árinu tók Rannís þátt í eftirfarandi ERA-netum:

HERA er samstarfsnet á sviði hugvísinda með þátttöku 21 fjármögnunaraðila í Evrópu.

NORFACE er samstarfsnet 16 fjármögnunaraðila í Evrópu á sviði félagsvísinda.

COFASP er evrópskt samstarfsnet á sviði fiskveiða, fiskeldis og framleiðslu sjávarafurða, með þátttöku 26 fjármögnunaraðila frá 15 Evrópulöndum.

Marine Biotech er evrópskt samstarfsnet á sviði sjávarlíftækni með þátttöku 20 fjármögnunaraðila frá 15 Evrópulöndum.

M-ERA er samstarfsnet á sviði efnistækni og er samstarf 32 fjármögnunaraðila frá 23 löndum innan Evrópusambandsins og EFTA ásamt Rússlandi, Japan og Taívan.

ERA-Geothermal er samstarfsnet stofnana frá tíu Evrópulöndum á sviði jarðvarmarannsókna.



Tækniþróunarsjóður tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi með beinum stuðningi. Má þar nefna Eurostars, Nordic Innovation, ERA COFASP og ERA Marine Biotechnology.

Í lok árs 2014 var Rannís tilnefnd sem verkefnisstjóri nýs verkefnis styrkt af Evrópusambandinu. Verkefnið „Higher Education Reform in Iceland“ er unnið í nánu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og miðar að því að stuðla að framþróun háskólastigsins og innleiðingu samevrópskra viðmiða í háskólamenntun, s.s. í tengslum við gæðamat. Áherslur verkefnisins eru tvíþættar, alþjóðavæðing háskólastigsins og gæði í íslenskum háskólum. Á árinu var megináhersla lögð á að styðja nýja sameinaða stúdentahreyfingu – Landssamtök stúdenta (LÍS) – við undirbúning sinnar fyrstu stefnu sem samtaka um alþjóðavæðingu háskólasamstarfs.




MANNAUÐUR

Starfsfólk Rannís

Við árslok voru starfsmenn Rannís 46 í 43,85 stöðugildum, auk þess var einn starfsmaður í leyfi vegna vistaskipta. Þar af voru sérfræðingar í 33,55 stöðugildum, almennir starfsmenn í 5,30 stöðugildum og sviðsstjórar í 4 stöðugildum auk forstöðumanns. Alls bættust við 5 ný störf á árinu; samskiptastjóri, matreiðslumeistari, tölvunarfræðingur, starfsnemi og einn starfsmaður fékk ótímabundna ráðningu en hafði áður gegnt tímabundnu starfi í afleysingum.

Fjöldi starfsmanna og stöðugildi 2013 - 2015



Á árinu gerði Rannís vistaskiptasamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið þannig að einn starfsmaður Rannís mun starfa frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2017 sem fulltrúi ráðuneytisins í Brussel. Aðalheiður Jónsdóttir var valin til að gegna þessu hlutverki en hún hafði verið sérfræðingur á alþjóðasviði og gegnt starfi kynningarstjóra í hlutastarfi. Starfi kynningarstjóra var breytt og lögð meiri áhersla á innri upplýsingamiðlun en áður og vinnu við mannauðstengd verkefni svo sem fræðslumál starfsmanna.

Í nýju húsnæði Rannís er mötuneyti. Starf matræðs var auglýst og undirbúningur hófst fyrir opnun mötuneytis.

Á árinu 2014 var mats- og greiningarsvið lagt niður vegna hagræðingar í rekstri og var nokkrum starfsmönnum sviðsins sagt upp og þar á meðal einum sem fór á biðlaun. Biðlaunatímabilinu lauk um mitt ár 2015.

Vegna flutnings Rannís á árinu var ráðinn starfsmaður til að aðstoða við undirbúning á flutningi gagna í skjalasafni, annars vegar til Þjóðskjalasafns (skjöl 30 ára og eldri) og hins vegar í skjalageymslu á nýrri starfsstöð Rannís.

Fyrsti starfsneminn, Sólveig Sigurðardóttir, hóf störf í október mánuði hjá Rannís. Hún var ráðin í tímavinnu sem samsvarar um 50% starfi, á mennta- og menningarsviði.

Sjö starfsmenn hættu störfum á árinu og þar af hóf einn töku eftirlauna. Prettán starfsmenn hófu störf á árinu, þar af voru 5 starfsmenn ráðnir í ný störf og einn starfsmaður hóf starf í skertu starfshlutfalli vegna eftirlauna. Einn starfsmaður kom til baka úr fæðingarorlofi. Eiginleg starfsmannavelta á árinu var 18%.

Ellefu starfsmenn voru með tímabundna samninga í árslok, þar af einn starfsmaður sem var ráðinn í tímavinnu meðfram námi.

STARFSAUGLÝSINGAR

Á árinu voru 8 störf hjá Rannís auglýst. Um var að ræða 1 starf tölvunarfræðings og 3 störf sérfræðinga á rannsókn- og nýsköpunarsviði, starf samskiptastjóra og matráðs á rekstrarsviði, starf verkefnastjóra menntasjóðs á mennta- og menningarsviði og starf í Upplýsingastofu og móttöku Rannís sem skiptist á milli mennta- og menningarsviðs og rekstrarsviðs.

Alls bárust 20 umsóknir í starf tölvunarfræðings. Lára Aðalsteinsdóttir var ráðin í starfið og hóf hún störf 11. maí. Gert hafði verið ráð fyrir að bæta við öðrum tölvunarfræðingi síðar á árinu en þar sem umsóknirnar sem bárust voru mjög góðar var ákveðið að flýta ráðningunni. Vigfús Eyjólfsson var ráðinn og hóf hann störf 11. júní.

Alls bárust 54 umsóknir í störf sérfræðinga á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Ása G. Kristjánsdóttir, Steinunn S. Jakobsdóttir og Ægir Þór Þórsson voru ráðin í störfin. Þau hófu störf 17. ágúst.

Alls bárust 6 umsóknir í starf matráðs og var Sigríður Grétarsdóttir ráðin og hóf hún störf 3. september.

Alls bárust 120 umsóknir í starf samskiptastjóra. Jóna Valborg Árnadóttir var ráðin og hóf hún störf 2. nóvember.



Starfsfólk fylgist með sólmyrkvanum í mars

Alls bárust 82 umsóknir í starf verkefnastjóra menntasjóða. Jón Svanur Jóhannsson var ráðinn í starfið og hóf hann störf 15. október.

Alls bárust 42 umsóknir í starf Upplýsingastofu og móttöku Rannís. Matthew David Deaves var ráðinn í starfið og hóf hann störf 15. október.

Starf sérfræðings í gæðamálum háskóla var auglýst í lok árs 2014. Sigurður Óli Sigurðsson var ráðinn í starfið í ársbyrjun og hóf hann störf 1. maí 2015.

STARFSMENN Í ÁRSLOK 2015

Aðalheiður Jónsdóttir, í leyfi - vistaskipti
Andrés Pétursson
Ágúst Hjörtur Ingþórsson
Árni Sigurðsson
Ása Guðrún Kristjánsdóttir
Ásta Vigdís Jónsdóttir
Björk Þorleifsdóttir
Björn Víkingur Ágústsson
Dóra Stefánsdóttir
Elín Jóhannesdóttir
Elísabet María Andrésdóttir
Eyrún Helgadóttir
Eyrún Sigurðardóttir
Fanney Reynisdóttir
Guðmundur Ingi Markússon
Hallgrímur Jónasson
Herdís Þorgrímsdóttir
Hulda Hrafnkelsdóttir

Jón Svanur Jóhannsson
Jóna Valborg Árnadóttir
Júlíana Grigorova Tzankova
Katrín Valgeirsdóttir
Kristmundur Þór Ólafsson
Lára Aðalsteinsdóttir
Lýður Skúli Erlendsson
Margrét Jóhannsdóttir
Margrét Kristjana Sverrisdóttir
María Kristín Gylfadóttir
Matthew David Deaves
Óskar Eggert Óskarsson
Ragnhildur I. Guðmundsdóttir
Ragnhildur Zoéga
Sigríður Grétarsdóttir
Sigríður M. Vigfúsdóttir
Sigríður Vala Vignisdóttir
Sigrún Ólafsdóttir

Sigurður Björnsson
Sigurður Óli Sigurðsson
Sólveig Sigurðardóttir
Steinunn Sigríður Jakobsdóttir
Svandís Sigvaldadóttir
Unnar Freyr Hlynsson
Viðar Helgason
Vigfús Eyjólfsson
Þorgerður Eva Björnsdóttir, í námsleyfi
Þorsteinn V. Gunnarsson
Ægir Þór Þórsson

1940

Rannsóknaráð ríkisins

Saga samskipta vísinda, atvinnulífs og stjórnmála á Íslandi um málefni vísindarannsókna er nær samfelld frá því um 1930 til dagsins í dag. Við Íslendingar erum með tiltölulega langa sögu í mótun vísinda- og tæknistefnu sem þjónar bæði óskum og kröfum vísindanna og þörfum samfélagsins.

Rannís er með tengslum sínum við fortíðina, í gegnum lög um Vísinda- og tækniráð og lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og tæknipróun beinn artaki þessarar hefðar þótt ráðgjafar- og stefnumótunarhlutverkið hafi á árinu 2003 verið fært til Vísinda- og tækniráðs. Rannís gegnir lykilhlutverki við undirbúning og framkvæmd stefnunnar.

2015



ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

1911 Gestir á afmælisþingi gátu kynnt sér 75 ára sögu Rannsóknaráðs ríkisins á 16 metra löngum veggborða

1939

VEFSÍÐA RANNÍS

Vefur Rannís veitir aðgengilegar upplýsingar um þá þjónustu sem Rannís veitir, þ. á m. sjóði, umsóknarferli og tölfærði. Til að ná því markmiði er vefsíðan í stöðugri endurnýjun og sífellt er unnið að uppfærslu efnis og endurskoðun á framsetningu þess. Mikil umferð hefur mælst um vefsíðuna og voru gestir síðunnar á árinu um 67.000 talsins sem er tæplega 50% aukning frá árinu 2014. Flettingar jukust að sama skapi um 20%. Samfélagsmiðlar, s.s. Facebook, LinkedIn og Twitter, spila sífellt stærra hlutverk í kynningarmálum til þess að koma skilaboðum á framfæri, auka sýnileika, opna fyrir samskipti sem og styðja við virkni vefsíðunnar. Vinir Facebook síðu Rannís voru í lok árs 1.287 og hafði þá fjölgað um 20% frá því í byrjun árs.



Sýnishorn af útgefnu efni á árinu



ÚTGEFIÐ EFNI OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Árið 2015 var prentað kynningarefni unnið fyrir sérstaka viðburði og til að kynna einstaka sjóði og áætlanir. Rík krafa er gerð til Evrópuáætlana um gerð kynningarefnis á áætlunum og möguleikum innan þeirra af hálfu framkvæmdarstjórnar ESB og því fer heilmikil vinna innan stofnunarinnar í að skrifa, þýða og útbúa kynningarefni fyrir Evrópuáætlanir.



Kynningar og námskeið eru send út í beinni útsendingu á vefnum og hefur þessu framtaki verið afskaplega vel tekið, sér í lagi hjá fólki sem búsett er á landsbyggðinni. Á árinu voru haldnir um 15 fundir, námskeið og kynningar sem send voru út frá vefstofu Rannís.


ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

Einnig voru birtar í blöðum auglýsingar þar sem auglýst var eftir umsóknum um styrki. Þessar auglýsingar eru jafnframt sendar út í rafrænu formi á póstlista Rannís, en á honum eru 2.800 áskrifendur, sem geta valið sér ákveðin áhugasvið eftir flokkum. Viðburðir eru auglýstir í blöðum þegar það á við, en fyrst og fremst eru upplýsingar um viðburði og skráning á þá í rafrænu formi. Viðburðirnir eru birtir á vefsíðu Rannís, sendir á póstlistana og dreift á samfélagsmiðlum. Á árinu voru sendar út 55 tilkynningar/markpóstar til áskrifenda póstlistans um viðburði og umsóknafresti. Í einhverjum tilvikum var notast við útvarpsauglýsingar til þess að auglýsa umsóknarfresti og viðburði.

SÝNILEIKI Í FJÖLMIÐLUM

Rannís var talsvert í fjölmiðlum árið 2015. Alls var fjallað um Rannís í 183 fréttum/greinum. Þar af voru 11 fréttir í sjónvarpi/útvarpi, 76 í prentmiðlum, 85 í netmiðlum og 11 á sérvefjum. Einnig fengu fréttir af Rannís talsverða útbreiðslu á Facebook. Það sem helst vekur athygli fjölmiðla eru stórar úthlutanir til ákveðinna verkefna, sbr. úr Tækniþróunarsjóði, Rannsóknasjóði, Listamannalaun, Creative Europe og Erasmus+, fréttir af framúrskarandi verkefnum sem unnin hafa verið með styrk úr sjóðum sem heyra undir Rannís sem og veiting viðurkenninga eins og Nýsköpunarverðlauna og Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Fréttir eftir tegundum miðla



Upplýsingastofa um nám erlendis fluttist í upphafi árs 2013 frá Háskóla Íslands til Rannís. Aðstaða til að taka á móti gestum batnaði til muna eftir flutningana. Síðan vefurinn FaraBara.is fór í loftið hefur fyrirspurnum til Upplýsingastofu fækkað. Á árinu heimsóttu 16.500 gestir (15%) vefinn en haft var samband við Upplýsingastofu 355 sinnum. Álagið er mest á vorin vegna umsóknafresta í Norðurlöndunum. Samskiptin fóru að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst, en þó voru tæplega 80 heimsóknir. Algengustu spurningarnar sem bárust Upplýsingastofu sneru að námi á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku, og svo um TOEFL enskuprofið, en Upplýsingastofa er ein af örfáum aðilum sem lána æfingagögn fyrir prófið. Framundan er endurgerð á Study In Iceland vefnum, kynningar í menntaskólum og samvinna með Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE).



Erasmus+
www.erasmusplus.is

Vefur Erasmus+, er systurvefur Rannís vefsins og er tengdur honum í gegnum sameiginlega leitarvél eftir sjóðum og tækifærum. Vefnum er ætlað að veita almennar upplýsingar um þau tækifæri sem bjóðast í Erasmus+, mennta-, æskulýðs- og íþróttáætlun ESB og þjónusta þá aðila sem vilja komast í Evrópusamstarf og sækja um styrki í áætlunina. Á árinu heimsóttu 13.600 gestir vefinn og flettingar voru alls 26.300.

REKSTUR

Skjalasafn Rannís er mikilvæg heimild sem tryggja þarf að varðveitist um ókomin ár

Heildartekjur Rannís voru 759 m.kr. á árinu. Ríkisframlagið var alls 295,2 m.kr. eða 38,9% af heildartekjunum. Ríkisframlagið skiptist í fjárveitingu skv. fjárlögum sem nam 286,4 m.kr. og viðbótarframlag í árslok upp á 8,8 m.kr. Viðbótarframlagið var vegna launaendurmats og launapotts vegna bóknar 2 hjá BHM, alls 10,6 m.kr. (5 m.kr. vegna launaendurmats umfram 3,5% forsendur fjárlaga og 5,6 m.kr. vegna bóknar 2 hjá BHM) og lækkunar á framlagi til aðildagjalda upp á 1,8 m.kr.

Heildarsértekjur Rannís voru 463,8 m.kr., eða 61,1% af heildartekjum. Stærsti hluti sérteknanna komu frá erlendum opinberum aðilum 243,8 m.kr. eða 32,1% af heildartekjum Rannís. Innbyrðis framlög á milli A hluta stofnana námu 177 m.kr. eða 23,3%. Sjá nánari skiptingu tekna sem hlutfall af heildartekjum í töflunni hér á eftir.

TEKJUR	M.kr.	%
Ríkisframlag	295,2	38,9%
Erlendir opinberir aðilar	243,8	32,1%
Innbyrðis framlög milli A hluta stofnana	177,0	23,3%
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu	9,8	1,3%
Endurgreiddur ferðakostnaður	12,5	1,6%
Funda- og ráðstefnutekjur	11,0	1,5%
Aðrar sértekjur	9,7	1,3%
Tekjur alls	759,0	100%

Heildargjöld Rannís voru 788,8 m.kr., þar af var stærsti gjaldaliðurinn fyrir utan launakostnað og launatengd gjöld 411,7 m.kr. eða 52,5%. Stærsti gjaldaliðurinn fyrir utan launakostnað var ferðakostnaður og upphald vegna ferða erlendis, 66,1 m.kr. eða 8,5%. Sjá nánari skiptingu gjalda sem hlutfall af heildargjöldum Rannís í töflu.

Heildargjöld og heildartekjur Rannís voru hærri en fjárlögin gerðu ráð fyrir en rekstrarhalli ársins var 29,8 m.kr.

GJÖLD	M.kr.	%
Laun og launatengd gjöld	411,7	52,2%
Ferðakostnaður og upphald erlendis	66,1	8,4%
Ferðakostnaður og upphald innanlands	8,1	1,0%
Tölvumál	43,4	5,5%
Húsaleiga og tengdur kostnaður	37,8	4,8%
Funda- og ráðstefnukostnaður	32,6	4,1%
Auglýsingar og fl.	13,4	1,7%
Sérfræðipjónusta	50,6	6,4%
Kostnaður vegna flutnings og breytinga	40,0	5,1%
Afmælisþing	3,5	0,4%
Annar rekstrarkostnaður	81,6	10,3%
Heildargjöld	788,8	100%

Á árinu voru farnar alls 293 ferðir á fundi á vegum Rannís. Þar af voru 24 ferðir vegna fagráðsvinnu í Rannsóknasjóði og 28 vegna erlendra sérfræðinga í gæðaráði háskóla.

241 ferð var farin til að sækja fundi og ráðstefnur erlendis. 134 ferðir voru á vegum alþjóðasviðs þar af var 32 ferðir farnar af ytri sérfræðingi Rannís. 90 ferðir voru á vegum mennta- og menningarsviðs og þar af 5 ferðir af ytri sérfræðingum Rannís. 10 ferðir voru farnar á vegum rekstrarsviðs af forstöðumanni og starfsmönnum annarra sviða. 7 ferðir voru farnar á vegum rannsókn- og nýsköpunarsviðs. Ferðadagar starfsmanna og ytri sérfræðinga Rannís voru alls 793,5 dagar og hver ferð var 3,3 dagar að meðaltali. Stystu ferðirnar tóku 1 dag en sú lengsta varði í 10 daga. Stærsti hluti ferðanna er endurgreiddur af ESB, annaðhvort

REKSTUR

með beinu framlagi sem bæði dekkar vinnu og/eða kostnað í viðkomandi verkefni eða í gegnum beina endurgreiðslu á ferðakostnaði fyrir utan vinnulaun.

MILLILANDAFERÐIR Á VEGUM RANNÍS	Fjöldi
Alþjóðasvið	134
Mennta- og menningarsvið	90
Rekstrarsvið	10
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	7
Gæðaráð Háskóla (erlendir sérfræðingar)	28
Fagráðsvinna í rannsóknasjóði (erlendir sérfræðingar)	24
Alls	293

HÚSBÚNAÐUR OG TÆKJAKAUP Í TENGLUM VIÐ BREYTT UMHVERFI RANNÍS

Aðgangsstýrikerfi var sett upp í húsnæði Rannís í Borgartúni með tilheyrandi lesurum og aðgangskortum. Kerfið byggði að hluta til á grunni þess kerfis sem fyrir var í húsnæðinu. Nauðsynlegt þótti að hafa aðgangsstýrikerfi enda er oft fundað í húsinu eftir að hefðbundnum vinnutíma lýkur og jafnframt stefnir Rannís á að leigja út hluta af rýminu.

Eftir flutninginn í Borgartúnið er skjalasafn Rannís komið undir eitt þak. Keyptir voru skjalaskápar og þeir settir upp í skjalageymslu sem er staðsett á 1. hæð. Rýminu verður í framtíðinni lokað með eldvarnarhurð eins og reglur gera ráð fyrir.

Á árinu var keyptur nýr fundarbúnaður fyrir hluta af fundarherbergjunum. 2 nýir skjávarpar, 2 tússtöflur sem einnig eru gerðar fyrir skjávarpa. 2 skjáir sem tengjast tölvum fyrir minni fundarherbergin á 1. hæð. Eldri búnaður sem kom frá Laugavegi var nýttur í minni fundarherbergin. Í fundarherbergin voru keypt 2 stór fundarborð og tilheyrandi stólar, auk þess voru keypt 12 felliborð og 50 staflanlegir stólar í stærsta fundarherbergið.

Upplýsingaskjár tengdur við netspilara var settur upp í móttöku Rannís, þar sem gestir geta kynnst starfsemi Rannís og því helsta sem er á döfinni hverju sinni.

Markmiðið um að allir starfsmenn hefðu hæðarstillt skrifborð náðist á árinu en unnið hefur verið að því jafnt og þétt undanfarin ár.



Alls eru 6 fundarherbergi í Borgartúni 30. Þar af er eitt sem tekur 40 til 50 manns í sæti og er fyrir kynningar-, fræðslu- eða starfsmannafundi en getur einnig nýst sem kennslustofa eða fyrir smærri fundi. Eitt fundarherbergið er fyrir 12 til 14 manna fundi og annað fyrir 10 til 12 manna fundi. Þar að auki eru 3 minni fundarherbergi.

ÁRSREIKNINGUR RANNÍS 2015

Rekstrarreikningur ársins 2015

	2015	2014
Rekstrartekjur		
Sértekjur	463.819.096	339.900.136
	<u>463.819.096</u>	<u>339.900.136</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	411.704.631	372.911.677
Annar rekstrarkostnaður	346.400.343	244.697.598
Tilfærslur	30.668.952	7.636.339
	<u>788.773.926</u>	<u>625.245.614</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(324.954.830)	(285.345.478)
Ríkisframlag	<u>295.200.000</u>	<u>283.600.000</u>
Tekjuhalli ársins	<u>(29.754.830)</u>	<u>(1.745.478)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	2015	2014
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	117.243.385	49.106.418
Aðrar skammtímakröfur	3.767.415	1.183.461
Vörslufjárreikningar	75.187.766	122.273.853
Handbært fé:		
Bankainnstæður	116.487.101	149.434.236
Veltufjármunir	312.685.667	321.997.968
Eignir samtals	312.685.667	321.997.968

31. desember 2015

Skuldir og eigið fé

	2015	2014
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(13.647.397)	(11.901.919)
Flutt staða frá 02-985		
Breyting v/lokafjárlaga		
Rekstrarniðurstaða ársins	(29.754.830)	(1.745.478)
Eigið fé samtals	(43.402.227)	(13.647.397)
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	233.997.684	164.551.117
Viðskiptaskuldir	46.902.444	48.820.395
Mótreikningur vörslufjár	75.187.766	122.273.853
Skammtímaskuldir	356.087.894	335.645.365
Skuldir samtals	356.087.894	335.645.365
Skuldir og eigið fé samtals	312.685.667	321.997.968

Sjóðstreymi ársins 2015

	2015	2014
Handbært fé frá rekstri		
Frá rekstri:		
Tekjuhalli ársins	(29.754.830)	(1.745.478)
Veltufé frá rekstri	(29.754.830)	(1.745.478)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	(23.634.834)	(37.904.449)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	(49.004.038)	69.229.119
	(72.638.872)	31.324.670
Handbært fé frá rekstri	(102.393.702)	29.579.192
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	(295.200.000)	(283.600.000)
Greitt úr ríkissjóði	364.646.567	290.273.744
Fjármögnunarhreyfingar	69.446.567	6.673.744
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(32.947.135)	36.252.936
Handbært fé í ársbyrjun	149.434.236	113.181.300
Handbært fé í árslok	116.487.101	149.434.236



Svipmyndir frá afmælisþingi Rannís sem haldið var við hátíðlega athöfn í lok nóvember í tilefni af því að 75 ár voru liðin frá því að Rannsóknaráð ríkisins var sett á stofn með lögum